



Aðalfundur
landssambands **DKG** á Íslandi
haldinn í Salnum Kópavogi
11. maí 2025

Skýrslur deilda

Efnisyfirlit

Alfadeild	2
Betadeild	8
Gammadeild	11
Deltadeild	15
Epsilondeild	20
Zetadeild	23
Etadeild	25
Petadeild	30
Iotadeild	32
Kappadeild	34
Lambdadeild	36
Mýdeild	38
Nýdeild	42

Alfadeild

Í Alfadeildinni eru 37 félagskonur. Ein félagskona, Þóra Kristinsdóttir, fyrrum dósent, lést á þessu tímabili. Hennes er minnst með hlýhug og virðingu og þakkað óeigingjarnt framlag fyrir Alfadeildina. Ein félagskona í deildinni hætti vegna anna í öðrum störfum. Sjö konur voru teknar inn í deildina við hátíðlega inntökuathöfn í janúar 2024 og tók forseti landsambandsins, Árný Elíasdóttir þátt í athöfninni. Haldnir voru 11 fundir auk aðalfundar. Þátttaka félagskvenna á fundum var misjöfn frá 14 konum í 24 konur. Að meðaltali var þátttaka um 50%. Æskilegt væri að þátttakan væri meiri og stjórnin ætlar að vinna að því að ná meiri þátttöku á fundum. Ekki náðist að greina frá maifundi fyrra tímabils í síðustu skýrslu og þykir því rétt að hafa hann með hér. Þá heimsóttu 20 konur Ráðhúsið í Reykjavík þar sem Helga Laxdal skrifstofustjóri og Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi og félagi í Alfadeild tóku á móti okkur og fræddu okkur um húsið, bæði arkitektúr og starfsemi. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir var með Orð til umhugsunar og rifjaði upp ýmislegt frá veru sinni í borgarstjórn og hversu gefandi það væri að vera DKG kona.

Á fyrra starfsári var lögð áhersla á að heimsækja ýmsar stofnanir m.a. Tækniskólan og Eddu – hús íslenskunnar svo eitthvað sé nefnt. Yfirskrift seinna starfsársins var **Sýn til framtíðar**. Þá kynntu félagskonur sér gervigreind og notkun hennar í kennslu í Menntaskólanum við Hamrahlíð og heimsóttu Mími þar sem fræðst var um nýjungar í starfseminni m.a. fagbréf atvinnulífsins og möguleika í íslensku fyrir útlendinga. Afmælisárið 2025 hefur líka sett sinn svip á starfsemi deildarinnar.

Starfsárið 2023 – 2024

Starfsárið 2023 – 2024 sátu í stjórn Alfadeildar Hrund Logadóttir formaður, Fjóla María Lárusdóttir, Málfríður Þórarinsdóttir og Ragnhildur Guðjónsdóttir. Gjaldkeri var Árný Inga Pálsdóttir og vefritari deildarinnar var Kristín Björk Gunnarsdóttir. Vetrarstarfið hófst með fundi stjórnar 12. september þar sem lögð voru drög að dagskrá vetrarins.

Fyrsti fundur 3. október 2023

Á fundinn, sem haldinn var í Veröld – Húsi Vigdísar mættu 17 félagskonur auk sex af þeim sjö konum sem boðið hefur verið að kynna sér starfið og til stendur að bjóða í deildina. Sigrún Klara Hannesdóttir var með Orð til umhugsunar. Hún sagði frá frá "Perú-verkefninu" og lagði út af því að allir geti hjálpað einhverjum, en enginn geti hjálpað öllum. Á ferð sinni eitt sinn til Perú sá Sigrún Klara lítinn strák sem fékk ekki að vera með í leikjum barnanna, því að hann var fátækur og bjó hjá afa sínum og ömmu. Hún ákvað að styrkja drenginn sem síðan leiddi til þess að samtökin Vinir Perú voru stofnuð. Á fundinum bauð Sigrún Klara Alfakonum í átttræðisafmæli sitt sem var málþing um barnabækur og að því loknu partý. Gjafir voru afþakkaðar en framlög í Perú verkefnið vel þegin. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, formaður laganefndar og uppstillinganefndar sagði frá landssambandinu og uppbyggingu þess. Kjarninn er deildarstarfið, en landssambandið hefur auk þess fastanefndir, skipaðar til tveggja ára. Hún sagði frá reynslu sinni við trúnaðarstörf sem hún hefur tekið að sér innan félagsins en hún var formaður Alfadeildar í tvö ár og í kjölfarið fjögur ár forseti landssamtakanna. Mælti hún með því að félagskonur tækju þátt í störfum nefnda eigi þær

Þess kost því að það eflir tengslanetið. Rætt var um að mikilvægt væri að auglýsa betur þá námsstyrki sem í boði eru fyrir félagskonur og hvenær eigi að sækja um þá. Benti Ingibjörg á að til sé gátlisti með dagsetningum fyrir stjórnir til að miðla innan deilda. Málfríður stjórnarkona í Alfadeild og annar varaforseti í stjórn Landsambandsins talaði síðan um það að taka þátt í stjórn samtakanna. Málfríður kom inn í deildina 2018 og hafði áhuga á að kynnst samtökunum betur og gaf þess vegna kost á sér í stjórn Landssambandsins. Meðal verkefna nýrrar stjórnar var að gera könnun meðal félagskvenna varðandi hug þeirra til DKG, auka sýnileika samtakanna í íslensku samfélagið og að þau láti sig menntamál meiru varða. Málfríður sagði einnig frá því að einstaka deildir gætu sótt um styrki til að halda viðburði sem styðja við fræðslumál og benti á að Epsilon deildin stæði fyrir slíkri fræðslu á málþingi um læsi í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi 26. október n.k. Jafnframt minnti hún á kvennafrídaginn og Golden Gift leiðtoganámskeið í Texas á næsta ári. Á fundinum var þeim sem kynntu afhent rós í anda Delta Kappa Gamma.

Annar fundur 1. nóvember 2023

Fundurinn var haldinn í Tækniskólanum í Reykjavík 1. nóvember. 20 félagskonur mættu á fundinn. Ólafur Sveinn Jóhannesson, deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar tók á móti hópnum en síðan tók Hildur Ingvarsdóttir skólameistari við með kynningu um skólann. Tækniskólinn er stærsti framhaldsskóli landsins með yfir 3000 nemendur og tæplega 300 starfsmenn. Skólinn er staðsettur í 8 byggingum á fimm stöðum. Einkunnarorð skólans eru alúð, framsækni og fjölbreytileiki. Kennsla fer að mestu fram á framhaldsskólastigi (2. og 3. þrep) en sumt er á 4. þrepi þ.e. á háskólastigi. Undirskólar Tækniskólans eru sjö; Byggingatækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Raftækniskólinn, Skipsstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn. Mikil fjölgun hefur orðið í umsóknum í iðnnám á síðustu árum, sérstaklega í raftækni og byggingatækni og getur skólinn ekki tekið á móti öllum sem sækja um. Vel hefur gengið að manna kennarastöður, líka í iðnnáminu. Talsverður fjöldi nemenda 200- 300 er með annað móðurmál en íslensku og er brugðist við því með námi á Íslenskubrautinni sem hefur mælst mjög vel fyrir. Annað nýmæli er nám í jarðvirkjun þar sem nemendur eru m.a. í hermum í jarðvinnu. Félagskonur höfðu um margt að spyrja og urðu skemmtilegar umræður í hópnum m.a. hvernig gengi að koma nemendum á samning og aðgengi að háskólanámi. Formaður afhenti Hildi og Ólafi rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag og höfðinglegar móttökur.

Þriðji fundur 25. nóvember 2023

Hinn hefðbundni jólafundur Alfa deildar var að þessu sinni í Hannesarholti þann 25. nóvember sl. Góð mæting var á fundinn en 24 félagskonur sátu hann. Á borðum var fiskréttur og kaffi og konfekt á eftir. Ásta Valdimarsdóttir flutti Orð til umhugsunar og talaði um mikilvægi gleði og hláturs og fór meðal annars með ljóðið Hlátur eftir Guðmund Kristjánsson frá Kirkjubóli. Gestur fundarins var rithöfundurinn Nanna Rögnvaldardóttir en hún las upp úr nýútkominni bók sinni „Valskan“. Góður rómur var gerður að upplestri Nönnu og fékk hún margar skemmtilegar spurningar um bókina og söguna sem þar birtist. Ásta og Nanna fengu rauðu rósina fyrir þeirra framlag.

Fjórdi fundur 20. janúar 2024

Fyrsti fundur ársins 2024 var haldinn í Kringlukuránni 20. janúar og var það hádegisfundur sem hófst kl. 11:00. Mættar voru samtals 24 félagskonur þar af 7 nýjar félagskonur sem teknar voru inn í deildina þennan dag. Formaður opnaði fundinn, kveikti á kertum og fór yfir dagskrána. Þá fór Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir með Orð til umhugsunar þar sem hún lýsti gildi þess að taka þátt í félagasamtökum, út frá eigin reynslu. Að því loknu ávarpaði Árný Elíasdóttir landsforseti fundinn en hún tók jafnframt virkan þátt í inntökuathöfninni sem fram fór samkvæmt lögum og reglum

félagsins. Nýir félagar Alfadeildar sem teknir voru inn þennan dag eru: Aðalheiður Dagmar M. Matthíasdóttir, kennslustjóri sjúkraliðabrautar í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Gróa Margrét Finnsdóttir, grunnskólakennari í Álftamýrarskóla. Hildigunnur Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Kvennaskólanum í Reykjavík. Hrefna Pálsdóttir, forstöðukona kennslusviðs Háskólans í Reykjavík. Hrönn Baldursdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Nýir félagar fengu nælu, rós og skírteini. Félagskonur sungu síðan saman ljóðið Gull og perlur eftir Hjálmar Freysteinnsson. Að athöfn lokinni var borinn fram hádegisverður, súpa og salat og gafst góður tími til umræðna undir borðum. Árný Elíasdóttir fór yfir helstu niðurstöður könnunar á vegum landsbambandsins varðandi upplifun félaga í Delta Kappa Gamma af félagsstörfum og störfum í nefndum. Einnig sagði hún frá styrkjum sem í boði eru fyrir meðlimi að sækja um. Í lokin fór formaður yfir starf deildarinnar framundan. og afhenti Ingibjörgu Elsu og Árnýju rósir sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag á fundinum.

Fimmti fundur 15. febrúar 2024

Febrúar fundur Alfadeildar var heimsókn í Eddu – hús íslenskunnar og tóku 22 félagskonur þátt. Á móti félagskonum tók Svanhildur Óskarsdóttir en hún hefur starfað hjá stofnuninni og forvera hennar frá árinu 1999. Hún gegnir starfi rannsóknarprófessors á menningarsviði og vinnur að rannsóknum og útgáfum fornra texta. Hún er í starfshópi um forvörslu Flateyjarbókar, í bókasafnsnefnd stofnunarinnar og í sýningarnefnd opnunarsýningar í Eddu. Svanhildur er einnig varamaður í stjórn Miðaldastofu Háskóla Íslands. Svanhildur fór fyrir hópnum um húsið. Í nyrðri hluta þess er Stofnun Árna Magnússonar en starfsemi Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands er að hluta í syðri hluta hússins. Neðst í miðju byggingarinnar eru handritin og dýrmæt gögn varðveitt og þar fyrir ofan er bókasafnið. Inni í miðju hússins tengist svo margþætt starfsemi en þar eru kennslustofur, vinnustofur og lesstofa. Á efri hæðum byggingarinnar er grassvæði sem kallast Klausturgarðurinn. Sérstaka athygli vakti samskiptasáttmáli Árnastofnunar en með honum vill starfsfólk skapa starfsumhverfi og menningu þar sem starfsfólk er öruggt og líður vel. Er stefnunni m.a. fylgt eftir með markvissum atvikastráningum og ábendingum um atvik, sem miða að því að læra af og fyrirbyggja endurtekningu. Einkunnarorð sáttmálans eru virðing, umburðarlyndi, hlýja, léttleiki og hómur og traust. Í lok fundar var Svanhildi afhent rós samtakanna.

Til stóð að heimsækja Bandaríska sendiráðið í maí en af óviðráðanlegum orsökum frestaðist sú heimsókn fram á haustið.

Sjötti fundur 21. maí 2024

Sjötti fundur og jafnframt aðalfundur Alfadeildarinnar var haldinn í Veröld - Húsi Vigdísar þriðjudaginn 21. maí 2024. 22 félagskonur sóttu fundinn. Fjóla María Lárusdóttir flutti okkur Orð til umhugsunar. Hún lagði út af mikilvægi virðingar með áherslu á mikilvægi þess að viðurkenna færni fólks úr fjölbreyttu samhengi og forðast þannig útilokun. Því næst hófust venjuleg aðalfundarstörf. Tillaga uppstillingarnefndar að nýrri stjórn var samþykkt. Í nýrri stjórn eiga sæti, Málfríður Þórarinsdóttir formaður, Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir, Fjóla María Lárusdóttir og Nanna Kristjana Traustadóttir meðstjórnendur. Árný Inga Pálsdóttir tók að sér að vera gjaldkeri deildarinnar áfram. Á aðalfundinum minntist Hrund Logadóttir formaður látinna félagskvenna. Gyða Jóhannsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Fósturskólans, lést þann 24. júlí 2022 og Þóra Unnur Kristinsdóttir, lektor og síðar dósent við Kennaraháskóla Íslands, lést þann 29. apríl 2024. Þeirra er minnst með hlýju og virðingu. Eftir að formlegum aðalfundi lauk sátu félagskonur áfram og nutu létttra veitinga og samveru.

Starfsárið 2024 – 2025

Ný stjórn kom saman í byrjun júní og skipti með sér verkum: Málfríður Þórarinsdóttir, formaður, Fjóla María Lárusdóttir, varaformaður, Nanna Kristjana Traustadóttir, ritari og Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir meðstjórnandi. Árný Inga Pálsdóttir er gjaldkeri og Kristín Björk Gunnarsdóttir vefritari. Þema starfsársins er **Sýn til framtíðar**. Árið 2025 er afmælisár Alfadeildarinnar en þann 7. nóvember 2025 eru liðin 50 ár frá stofnun Alfadeildarinnar og var þetta stjórnarkonum ofarlega í huga á fyrsta fundinum.

Fyrsti fundur 2. október 2024

Fyrsti fundurinn var haldinn í Bandaríska sendiráðinu að Engjateigi 7 og hófst kl. 14.30. 23 félagskonur mættu þar. Í sendiráðinu tóku á móti okkur Erin Sawyer, varamaður sendiherra, Joanie Simon, Political Officer, Rebecca Doffing, Arctic Watcher og Ásdís Hreinsdóttir sem hafði skipulagt heimsóknina. Auk þeirra sátu tvær konur frá Bandaríkjunum fundinn sem gestir. Alfakonum var fylgt inn í aðalbygginguna og boðið til sætis í móttökusal sendiherrans. Erin Sawyer bað fyrir afar góða kveðju frá sendiherra Bandaríkjanna, Carrin Patman, sem því miður gat ekki tekið á móti okkur vegna annarra verkefna á landsbyggðinni. Carrin óskaði eftir því að það kæmi fram við Alfakonur að móðir hennar hefði sjálf verið félagi í Delta Kappa Gamma í Texas og því þætti henni afar vænt um heimsóknina frá okkur. Erin, Joanie og Rebecca héldu áhugaverða kynningu um störf þeirra í ráðuneytinu. Sagt var frá vörumerkjum sem Bandaríkjamenn flytja inn á íslenskan markað svo og íslenskum vörumerkjum sem flutt eru til Bandaríkjanna. Rebecca tjáði okkur að starfsheitið Arctic Watcher væri eina slíka embættið í sendiráði Bandaríkjanna í heiminum eins og stendur. Þær ræddu einnig mikilvægi Íslands sem samráðsvettvangs hagaðila um norðurslóðir. . Eftir góðar kynningar og margar spurningar yfir kaffi og heimabökuðum smákökum voru Alfakonur leystar út með gjöf frá sendiherra Bandaríkjanna. Um var að ræða kryddblöndu frá heimahögum Carrin Patman í Texas. Formaður afhenti fulltrúum sendiráðsins rauðu rós samtakanna sem þakklætisvott fyrir framlag þeirra.

Annar fundur 29. október 2024

Annar fundur haustsins 2024 var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð. 14 félagskonur mættu á fundinn. Þar tóku á móti okkur Íris Lilja Ragnarsdóttir námstjóri tungumála og Geir Finnsson enskukennari við skólann. Í upphafi fundar fór Erna Jessen með Orð til umhugsunar og ræddi þar stöðu tungumálakennslu með sérstakri áherslu á dönskukennslu í menntakerfinu. Hún ræddi af miklu öryggi og þekkingu mikilvægi tungumálakennslu og afleidd áhrif þess að skerða möguleika ungmenna á námi á því sviði. Að loknum orðum Ernu var boðið upp á kaffi og lagköku. Geir Finnsson, enskukennari, hélt þvínæst erindi um gervigreind. Geir er ungur framhaldsskólakennari með sérhæfingu í enskukennslu. Hann hefur upplifað frá fyrstu dögum í kennslu innreið gervigreindar í samfélag okkar allra og ekki síst í kennsluumhverfi í framhaldsskólum og hefur í félagi með kollegum haft frumkvæmi að málstofum og kynningum um notkun gervigreindar í skólastarfi um árabíl. Geir fræddi Alfakonur um skilgreiningu gervigreindar, tók dæmi um hvað gervigreindin getur gert, hvaða forrit eru helst notuð og hvernig megi nýta gervigreindina í kennslustofunni með nemendum. Hann lagði ríka áherslu á að vinna verður að notkun gervigreindar í samráði við nemendur hverju sinni. Ýmislegt fleira kom fram í erindi Geirs sem var sett fram á fræðandi og skemmtilegan hátt og Alfakonur báru upp fjölda spurninga um notkun

gervigreindar. Að kynningu lokinni þakkaði Málfríður Írisi og Geir fyrir afar góðar móttökur. Íris skilaði góðri kveðju frá Steini Jóhannssyni rektor til Alfakvenna, en hann var kallaður til starfa í samninganefnd vegna kjarasamninga kennara og gat því ekki tekið á móti hópnum eins og til stóð. Á heimasíðu skólans var sagt frá heimsókninni.

Þriðji fundur 30. nóvember 2024

Þriðji fundurinn, jólafundurinn, var haldinn í Búbblusal Finnsson og hófst kl. 12.00. 18 félagskonur mættu og áttu saman góða stund á kosningadegi yfir góðum mat, kalkún eða hnetusteik, kaffi og konfektí. Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir sagði okkur frá tilraun sinni til að nota gervigreindina í stutta hugleiðingu en ekki mælti hún með því. Nokkuð var rætt um kosningar og mikilvægi þess að kjósa í upphafi fundar en annars einkenndist fundurinn af samræðum félagskvenna. Sunna Dís Másdóttir rithöfundur heiðraði okkur með nærveru sinni og las upp úr nýrri bók sinni sem nefnist Kul. Góður rómur var gerður að lestrinum og félagskonur þurftu margs að spyrja. Búbblusalurinn er alveg ljómandi umgjörð utan um jólafund og vel fór um alla. Klukkan 14.00 lauk fundinum og héldu konur á braut með jólakveðjur í farteskinu.

Fjórði fundur 29. janúar 2025

Fjórði fundurinn var haldinn í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og hófst kl. 16.30. 14 félagskonur mættu á fundinn. Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir kennslustjóri sjúkraliðabrautar og Alfakona tók á móti okkur og bauð okkur velkomnar á kaffistofu starfsmanna í FÁ. Hrönn Baldursdóttir fór með Orð til umhugsunar og ræddi þar kynjuð orð í tungumálinu okkar. Hrönn sagðist hugsi yfir orðinu *Sveinspróf*. Orðið vísar beint til þess tíma þegar eingöngu karlmenn tóku sveinspróf. Orðið er rótgróið og Hrönn upplifir ekki mikla umræðu um viðlíka orð sem eru kynjuð og velti fyrir sér hvor það haldi konum ósýnilegum. Það virðist almennt að konur taki upp rótgróin starfsheiti sem vísa til karla, en sjaldgæft að það sé á hinn bóginn almennt að karlmenn taki upp rótgróin starfsheiti sem vísa til kvenna - þess í stað er búið til nýtt heiti. Formaður afhenti Hrönn rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir hennar framlag. Eftir hugvekju Hrannar var Alfakonum boðið kaffi og kaka. Á meðan fundarkonur gæddu sér á ostaköku þá upplýsti formaðurinn um aðalefni fundarins sem voru umræður um afmælisár samtakanna DKG á Íslandi. Málfríður fór jafnframt yfir vordagskrá Alfadeildar. 25.mars er fræðslufundur í Mími. Í stað félagsfundar í apríl eru allar konur deildarinnar eindregið hvattar til þátttöku í hátíðarráðstefnunni, hátíðarkvöldverðinum og landssambandsþinginu þann 10.- 11. maí n.k.

Í tilefni afmælisins - sem einnig er afmæli Alfadeildar - kom fram að Eygló Björnsdóttir hafi tekið að sér að skanna gamlar myndir. Umræður voru um að fara saman út að borða og vísað var til fyrri hátíðarkvöldverðar á Hótel Holti um árið. Skoðað verður hvort það er möguleiki. Fundarkonum var skipt í þrjá umræðuhópa sem settust niður og ræddu annars vegar *afmælisviðburð* og hins vegar *samfélagsverkefni* í tilefni afmælisársins. Fulltrúar allra hópa kynntu sínar hugmyndir. Hugmyndir komu fram um gerð myndbanda fyrir samfélagsmiðla með áherslu á félagsgreind og samskiptafærni ungs fólks. Ennfremur kom fram hugmynd um að styrkja ákveðið málefni í tilefni afmælisins og félagskonur gætu hugsanlega virkjað tengsl til að fá styrki. Einnig var rætt um hugsanlegt vinnuframlag félagskvenna til samfélagsverkefna. Stjórninni var falið að vinna nánar úr þessum tillögum. Af afmælisverkefnum bar hæst að fara saman út að borða í tilefni afmælisins, vera jafnvel með skemmtiatriði. Að hafa gaman saman. Önnur mál sem bar á góma voru umsóknarfrestur í íslenska námsstyrkjasjóðinn, ráðstefnan í Brighton í sumar, hvartning til félagskvenna að gefa kost á sér í stjórnarstörf á landsvísu og lokadagsetning fyrir lagabreytingar. Að

umræðum loknum þakkaði Málfríður Aðalheiði Dagmar fyrir afar góðar móttökur. Formaður afhenti Aðalheiði rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir hennar framlag.

Fimmti fundur 25. mars 2025

Fimmti fundur starfsársins var haldinn í Mími og hófst kl. 16.00. 14 félagskonur mættu á fundinn og einn gestur. Þar tóku á móti okkur Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri, Þórunn Grétarsdóttir fagstjóri námsbrauta og þróunar, Vanessa Monika Isenmann verkefnastjóri ásamt Kristínu Erlu Þráinsdóttur fagstjóra ráðgjafar og raunfærnimats. Girnilegar veitingar voru í boði Mímis og gladdi það mjög félagskonur. Sólveig Hildur hóf fundinn með ávarpi og kynningu á sögu Mímis. Það er skemmtileg tenging Alfadeildar við Mími en félagskona okkar, Ingibjörg Elsa, var fyrsti framkvæmdastjóri félagsins og bætti ýmsum fróðleiksmolum inn í kynningu á sögu Mímis. Þar á eftir kynnti Vanessa íslenskukennslu fyrir fólk með erlendan bakgrunn. Hún upplýsti félagskonur um stigskiptingu íslenskukennslunnar, kennslufni og fjölbreytt úrval fræðslu. Kristín Erla tók við kynningunni og kynnti fagbréf atvinnulífsins fyrir félagskonum, tækifærin í fagbréfum, uppruna þeirra og hvernig tekist hefur að yfirfæra fagbréfin á ólík störf. Málfríður formaður Alfadeildar ávarpaði að kynningum loknum fundarmenn og þakkaði fulltrúum Mímis fyrir góðar móttökur og frábærar kynningar. Formaður afhenti þeim öllum fjórum rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag. Formaður ítrekaði jafnframt að í stað fleiri viðburða á vordagskrá Alfadeildar eru allar konur deildarinnar eindregið hvattar til þátttöku á afmælisþinginu 10.-11.maí n.k. Að lokum óskuðu Mímiskonur eftir því að sýna félagskonum húsakynni og lögðu áherslu á það að aðlaðandi lærdómsumhverfi væri mikilvægt fyrir þeirra nemendur. Félagskonur gengu um húsnaðið sem er afar notalega innréttað og áberandi metnaður í því að skapa heimilislegt og afslappað umhverfi.

Málfríður Þórarinsdóttir,

formaður Alfadeildar

Betadeild

Skýrsla stjórnar 2023-2025.

Starfsár Betadeildar árið 2023-2024 hófst á haustferð þann 15. september, en það er orðin hefð í Betadeild að byrja starfsárið á haustferð um lengri eða skemmri veg. Þetta haustið var förinni heitið austur í Þingeyjarsýslu og voru það 16 Betakonur sem mættu í ferðina. Fyrsta stopp var á Grenjaðarstað þeim sögufræga stað þar sem við kynntum okkur staðinn undir leiðsögn heimamanna. Þaðan var haldið að Laxárvirkjun og að endingu var stoppað á Hótel Fosshóli við Goðafoss þar sem við snæddum kvöldverð. Við erum svo heppnar að hafa í röðum okkar menntaða leiðsögukonu Margréti K. Jónsdóttur og á leiðinni var hún óþrjótandi uppspretta fróðleiks um örnefni, sveitirnar, landslagið og fólkið sem bæina byggði.

Á fyrsta formlega fund tímabilsins 17. október mættu 19 konur. Þetta var „inntökufundur“ en á þessum fundi var Drífa Þórarinsdóttir skólastjóri á leikskólanum Klappir tekin inn í deildina. Fundurinn var haldin í leikskólanum hennar og fengum við kynningu á leikskólanum á fundinum en Klappir eru nýjasti leikskólinn á Akureyri. Einnig flutti Kristín Guðbjörg Snæland sig yfir í Betadeild en hún hafði verið félagskona í Ny-deild. Var þetta hennar fyrsti fundur í okkar deild. Þar með voru Betakonur orðnar 32.

Jólafundurinn var að þessu sinni aðeins fyrir Betadeild. Hann var haldinn 23. nóvember í hliðarsal á veitingarhúsinu Strikinu og gestir kvöldsins voru Brynhildur Þórarinsdóttir og Linda Ólafsdóttir sem báðar eru rithöfundar. Linda, sem er myndlýsir og rithöfundur, sagði frá barnabókinni *Ég þori, ég get, ég vil* og Brynhildur kynnti bókina *Smáralindar Móri*. Þetta var notalegur fundur með jólalegum veitingum sem 21 kona sótti.

Árið 2024 hófst með hefðbundnum hætti á bóka fundi 15. janúar sem að þessu sinni var heima hjá Vöku Óttarsdóttur. Á fundinn mættu 18 konur. Að vanda höfðu Betasystur verið duglegar að lesa og voru 16 áhugaverðar bækur kynntar á fundinum. Gott bókhald er fært yfir lesturinn og listi með kynntum bókum settur á vefinn okkar. Þannig höfum við aðgang að áhugaverðum bókum sem aðrar Betasystur mæla með.

Í mars hittumst við, 20 Betasystur, í Menntaskólanum á Akureyri og hlýddum á Ingibjörgu Magnúsdóttur ípróttakennara MA og Kristínu okkar Elvu skólasálfræðing í MA og Betakonu. Þær sögðu okkur frá rannsókn sinni á svefni nemenda í MA og niðurstöðum. Þær niðurstöður ríma vel við aðrar rannsóknir á svefni unglunga en flestar eru á þann veg að svefn sé ekki nægur á þessu aldursskeiði.

Brekuskóli hósti aprílfundurinn okkar þann 16. apríl en þá ræddu tveir nemendur í þriðja bekk MA, þeir Magnús Máni Sigurgeirsson og Tómas Óli Ingvarsson, um gervigreind og kosti hennar. Í kjölfarið sköpuðust eldheitar umræður enda umfjöllunarefnið ofarlega á baugi þessa dagana. Á fundinn mættu 18 konur.

Starfsárinu lauk svo á aðalfundi í maí þar sem hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá. Fundurinn var haldinn á Múlabergi og hófst á sameiginlegum kvöldverði. Að kvöldverði loknum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf. Ný stjórn var kjörin, hana skipa: Eygló Björnsdóttir formaður, Kristín Elva Viðarsdóttir varaformaður, Selma Hauksdóttir ritari, og Sigrún Aðalgeirsdóttir meðstjórnandi. Laufey Petrea Magnúsdóttir gjaldkeri og Aðalbjörg Bragadóttir fráfaramaður munu starfa með stjórn. Á fundinum var einnig kosið í nefndir deildarinnar til næstu tveggja ára.

Fríða Pétursdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir voru skipaðar í Félaga- og útbreiðslunefnd, Anna Þóra Baldursdóttir, Hanna Salómundsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir verða í stjórn Elísabetarsjóðs og ákveðið var að stjórn deildarinnar (2022-2024) sem sat á undan þeirri sem skipuð var núna yrði næsta Uppstillingarnefnd vorið 2026 og sá háttur hafður á í framtíðinni. Þá kom fram að Fríða Pétursdóttir hefði tekið að sér að sitja í svokallaðri „afmælisnefnd“ landssambandsins en hún á að koma með tillögur um afmælishald landssambandsins á 50 ára afmæli þess 7. nóvember næstkomandi. Að fundi loknum héldu Betasystur saddar og sælar út í sumarið. Fundinn sóttu 21 kona.



Starfsár nýrrar stjórnar hófst í ágúst þegar stjórnin kom saman og ræddi skipulag vetrarins. Stjórnin velti einnig fyrir sér þema til að starfa eftir næstu tvö árin og varð *Heilsa og vellíðan - hlúum að okkur* fyrir valinu. Hugmyndin að baki þess er sú, að til að geta orðið að gagni fyrir aðra hvort sem það er fjölskylda, vinir, skjólstæðingar eða samstarfsfólk þá þurfum við fyrst að hlúa að okkur sjálfum. Þemað var samþykkt á fyrsta almenna fundi vetrarins.

Deildarstarfið hófst svo á hinni hefðbundnu haustferð 13. september. Að þessu sinni varð fyrir valinu að fara hring fram Eyjafjörð og skoða sögu og menningu okkar nánasta umhverfis. Bragi Guðmundsson prófessor við HA (og eiginmaður Ragnheiðar í Betadeild) tók að sér að vera leiðsögumaður í ferðinni en fáir eru betur að sér um sögu, menningu og atvinnuhætti á þessu svæði. Við, 14 Betakonur, lögðum af stað með rútu í afar fögru haustveðri sem leið lá fram í fjörð að vestan. Stoppað var nokkrum sinnum á leiðinni og helstu sögustaðir skoðaðir. Ferðin endaði svo á veitingahúsinu Lamb Inn þar sem við þáðum góðar veitingar áður en haldið var heim eftir góðan dag.

Októberfundurinn, og fyrsti formlegi fundur vetrarins, var haldinn 14. október í Hlíðarskóla sem staðsettur er við Sigluvík hér í Eyjafirði. Fyrirlesari fundarins var Ólöf Ása Benediktsdóttir sem er ein af nýjustu meðlimum Betadeildar. Hún sagði okkur frá meistaraverkefni sínu sem hún lauk við síðastliðið vor. Verkefnið fékk heitið: „*Maður þarf að gera eitthvað, það er alveg ljóst...*“: *reynsla grunn- og framhaldsskólastjóra af vinnutengdri streitu kennara*. Meginniðurstaða rannsóknar hennar var að viðmælendum þótti málefnið mikilvægt og að grípa þurfi til aðgerða til að sporna gegn vinnutengdri streitu kennara. Á fundinn mættu 20 konur.

Jólafundurinn var skipulagður í samvinnu við My- og Nydeild og haldinn 28. nóvember í sal sem tilheyrir veitingastaðnum Strikinu hér á Akureyri. Tuttugu og ein Betakona ásamt álíka mörgum úr Mydeild mættu á fundinn. Einnig heiðraði landssambandsforsetinn Árný Elíasdóttir okkur með nærveru sinni. Því miður treystu Nydeildar konur sé ekki yfir Öxnadalshéðina svo þær voru fjarri góðu gamni. Margt var sér til gamans gert á fundinum. Lesin voru „Orð til umhugsunar“, kynnt var barnabók Þórarins Eldjárn, *Hlutaveikin*, Sölkukórinn söng fyrir okkur nokkur lög og systur úr Mydeild leiddu fjöldasöng. Þá ávarpaði landssambandsforseti fundinn. Að sjálfsögðu gæddum við okkur líka á góðum mat, en „jólalegt“ smáréttahlaðborð var fram borið. Á eftir fengum við kaffi og konfekt.

Janúarfundurinn var haldinn á heimili Ingibjargar Auðunsdóttur 13. janúar 2025. Þessi fundur hefur frá fornu fari verið helgaður bóklestri og gengur undir nafninu „bókafundurinn“. Á fundinn mættu 18 konur að þessu sinni og voru 12 bækur kynntar.

Febrúarfundurinn var haldinn 11. febrúar í Glerárskóla og mættu 20 konur á fundinn. Gestur fundarins var Ingibjörg M. Magnúsdóttir úr Mydeild en hún er teymisstjóri ÍSAT hjá Akureyrarbæ. ÍSAT-nemendum, þ.e. nemendum með íslensku sem annað tungumál, hefur fjölgað mikið á síðustu árum, þeir eru nú á fjórða hundrað, dreifast á alla grunnskóla bæjarins og koma úr mjög mismunandi aðstæðum. Ingibjörg starfar með verkefnisstjórum grunnskólanna, sem sjá um samræmda móttöku, stöðumat og aðlögun ÍSAT-nemendanna samkvæmt kröfum í námskrá. Kynning Ingibjargar vakti töluverðar umræður og svaraði hún ýmsum spurningum fundarkvenna.

Í mars var svokallaður „óhefðbundinn“ fundur en á slíkum fundi er hefðbundin formleg dagskrá lögð til hliðar. Sextán Betasystur mættu klukkan 19 í menningarhúsið Hof, þar sem Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri tók á móti hópnum. Hún kynnti þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer í Hofi og leiddi hópinn í skoðunarferð um húsið. Betasystur fengu að sjá sali hússins, sem hýst geta menningarstarfsemi, samkomur og viðburði af ýmsum toga. Leiðin lá einnig um vinnurými og geymslur baksviðs, skrifstofugang og misstór fjölnota herbergi. Kristín Sóley er mjög fróð um sögu hússins, hlutverk þess og mikilvægi í menningarlífi bæjarins og svaraði greiðlega spurningum áhugasamra Betasystra. Að skoðunarferð lokinni voru veitingar fram reiddar á Móa Bistro. Að venju áttu Betasystur notalega stund og gott spjall áður en þær héldu hver til síns heima.

Þegar þetta er skrifað hefur aprílfundur deildarinnar ekki verið haldinn, en hann er fyrirhugaður 29. apríl í Brekkuskóla. Lokafundur vetrarins er svo fyrirhugaður 28. maí.

Starf deildarinnar hefur verið blómlegt þessi tvö ár. Félagskonur hafa almennt verið virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Formenn deildarinnar sóttu framkvæmdaráðsfundi bæði haustin og komu fróðari heim. Að meðaltali hafa um 20 konur sótt fundi. Tvær konur gengu til liðs við deildina þetta tímabil en ein kona, María Steingrímsdóttir, sagði sig úr deildinni vegna flutnings úr bænum og eru Betakonur því 31 í dag. Í nokkur ár höfum við haft þann háttinn á að skipta konum upp í undirbúninghópa sem sjá um nokkra fundi og veitingar yfir veturinn. Það fyrirkomulag hefur gefist afar vel og verður því haldið áfram.

Næsta haust (2025) er DKG hér á Íslandi 50 ára. Unnið er að útgáfu afmælisrits þar sem farið verður yfir sögu deildanna. Í Betadeild tóku Elín Elísabet Magnúsdóttir, Eygló Björnsdóttir, Hanna Salómundsdóttir og Þorgerður Sigurðardóttir að sér að setja saman þetta yfirlit fyrir Betadeild. Þetta hefur verið krefjandi en skemmtileg vinna og munum við búa að þessari vinnu þegar Betadeild á 50 ára afmæli 2. júní 2027. Einnig stendur til að Betadeild í samvinnu við Mydeild standi fyrir einhverju samfélagslegu verkefni á þessu afmælisári og eru Sigríður Magnúsdóttir og Vaka Óttarsdóttir í þeirri nefnd fyrir hönd Betadeildar.

Akureyri 2. apríl 2025

Fyrir hönd stjórnar:

Eygló Björnsdóttir formaður Betadeildar.

Gammadeild

Skýrsla Gammadeildar 2023-2024 og 2024-2025

Veturinn 2023 til 2024 voru 41 kona í Gammadeild, en veturinn 2024 til 2025 voru þær 39. Soffía Sveinsdóttir færði sig yfir í Epsilondeild sumarið 2024 og Pálína Jónsdóttir lést í október 2024, 100 ára að aldri en hún var mjög virk félagskona frá stofnun samtakanna og fram til dauðadags.

Þegar þetta er ritað hafa verið haldnir 16 fundir hjá Gammadeild á þessum tveimur starfsárum en aprílfundurinn er eftir. Fundirnir verða því í heild 17 á þessu tímabili. Mæting var á bilinu 50 til 80% á hvern fund.

Veturinn 2023 til 2024 var eftirfarandi stjórn:

- Hrefna Sigurjónsdóttir, formaður
- Sigrún Aðalbjarnardóttir, varaformaður
- Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, meðstjórnandi
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, ritari
- Hanna Halldóra Leifsdóttir, gjaldkeri sem starfaði með stjórn

Veturinn 2024 til 2025 var eftirfarandi stjórn:

- Bryndís Jóna Jónsdóttir, formaður
- Ragný Þóra Guðjohnsen, varaformaður
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, ritari
- Björk Einisdóttir, meðstjórnandi
- Þórdís Helga Ólafsdóttir, gjaldkeri sem starfar með stjórn

Hér fyrir neðan er farið yfir hvort starfsár fyrir sig, efni funda og mætingu á hvern fund fyrir sig.

Fundir starfsárið 2023-2024 – þemað Samfélag fyrir alla

Starfsárið hófst með fundi í Listasafni Íslands þann 7. september 2023 og mættu 22 konur á fundinn. Formaður Gammadeildar hóf fundinn á að segja frá dagskrá vetrarins sem bar yfirskriftina Samfélag fyrir alla. Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Gammastjórnarkona, sagði okkur frá starfinu í safninu og við skoðuðum tvær sýningar, Glerregn Rúríar og teikningar Kjarvals.

Þann 9. október var annar fundur haldinn hjá Menntavísindasviði í Stakkahlíð en þá buðu Gammakonur konum úr öðrum deildum á fundinn, 25 Gammakonur mættu. Okkar kona, Doktor Ragný Þóra Guðjohnsen, hélt erindi undir yfirskriftinni: Farsældarlögin og hvað svo? Ragný Þóra er faglegur stjórnandi Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og auk þess að fara vel í grunn 6 farsældarlaganna og stigskiptingu þjónustu þá sagði hún okkur frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og hvaða skref væru fyrirhuguð í framhaldinu.

Heildstæð skólaþjónusta byggð á þrepaskiptum stuðningi við nám og farsæld barna og ungmenna var til umfjöllunar á þriðja fundi starfsársins þann 8. nóvember. Þar mættu 20 konur og hlýddu á

Hákon Sigursteinsson, formann verkefnastjórnar um farsæld barna hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykavíkur. Fundurinn var haldinn í Kerhólum hjá frístundasviði Reykjavíkurborgar en upphaflega ætlaði Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir frá Kara Connect að koma til okkar en þurfti að afboða vegna vinnufundar erlendis. Vonandi kemur hún til okkar síðar.

Jólafundurinn okkar, fjórði fundurinn, var haldinn 4. desember heima hjá Gerði og hann var dásamlegur að vanda og komu 30 konur á fundinn. Yndisleg jólastemning sveif yfir vötnum í fallega húsinu hennar Gerðar við Elliðavatn og fengum við rithöfundinn og leikskáldið Hlín Agnarsdóttur í heimsókn þar sem hún las upp úr bók sinni Einlífi – Ástarrannsókn og svaraði spurningum í kjölfarið, spjallaði við Gammakonur og áritaði bækur. Við sungum saman og gæddum okkur á gómsætum veitingum í boði Gammakvenna.

Vorönn Gammadeildar hófst á okkar árlega bóka fundi sem haldinn var fimmtudaginn 11. janúar 2024 heima hjá Ingibjörgu Jónasdóttur og var það fimmti fundur starfsársins sem 23 konur mættu á. Til umræðu voru tvær bækur sem settar voru fyrir í desember 2023. Önnur bókin var Einlífi ástarrannsókn sem er skáldsaga byggð á minningum og lífsreynslu höfundar, Hlínar Agnarsdóttur, en hin bókin var smásögusafnið Snjór í Paradís eftir Ólaf Jóhann Ólafsson.

Miðvikudaginn 7. febrúar heimsóttum við Tækniskólann á sjötta fundi og buðu Gammakonur gestum úr öðrum deildum með sér á fundinn, alls mættu 18 Gammakonur. Okkar kona og skólameistari Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, tók vel á móti okkur. Fyrst skoðuðum við Framtíðarstofuna á Skólavörðuholti, fengum veitingar í boði Tækniskólans og í kjölfarið var Hildur með frábæra kynningu á starfsemi skólans. Óhætt er að segja að Gammakonur hafi farið upprifnar og innblásnar út í febrúarkvöldið.

Þriðjudaginn 12. mars héldum við sjöunda fund starfsársins í Kerhólum hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í Borgartúni og mættu þar 20 konur. Dr. Fríða Bjarney Jónsdóttir, Gammakona með meiru, hélt erindi þar sem hún sagði frá doktorsrannsókn sinni í menntavísindum: Veitum röddum vængi: Leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings. Fríða Bjarney varði doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði við Háskóla Íslands 22. september 2023 í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Erindið í Borgartúni vakti mikla lukku og voru Gammakonur að vonum stoltar af sinni konu.

Áttundi fundur var vorferð Gammakvenna sem farin var fimmtudaginn 11. apríl og fóru 19 konur austur fyrir fjall á Selfoss í heimsókn til Epsilonkvenna sem héldu þar deildarfund og buðu okkur í heimsókn. Við fórum saman í rútú, sungum hressandi vorsöngva á leiðinni og létum hvítflekkóttu jörð og kulda í lofti ekki draga úr okkur mátt. Þvert á móti! Við hittum 7 Epsilonkonur í Skyrlandi þar sem við fengum fyrst kynningu á skólasviði Árborgar og þróun skólamála í ört stækkandi sveitarfélagi hjá Fjólu Steindóru Kristinsdóttur, bæjarstjóra sveitarfélagsins Árborgar. Því næst fengum við kynningu á safninu, skoðuðum okkur um og lukum heimsókninni á gómsætu skyrsmakki. Í kjölfarið var gengið í Tryggvaskála þar sem fundur Epsilondeildar var haldinn og snæddum við saman kvöldverð að honum loknum. Því næst var haldið heim á leið í rútunni.

Níundi fundur deildarinnar var svo haldinn í Sveinatungu á Garðatorgi, 15. maí 2024, og var jafnframt aðalfundur sem 30 Gammakonur mættu á. Fundurinn hófst hefðbundnum

aðalfundarstörfum, ný stjórn kynnt og fráfari stjórn þakkaði fyrir sig. Síðan var afmælishóf í tilefni af aldarafmæli Pálínu Jónsdóttur. Sigrún Aðalbjarnardóttir hélt ræðu af því tilefni og fór yfir merklegan feril Pálínu en hún Pálína var ein af stofnfélögum Gammadeildar og fyrsti formaður deildarinnar, 1977 – 1978 og svo aftur 1992-1994 ásamt því að starfa sem gjaldkeri deildarinnar í tíu ár. Þá var hún tvívegis forseti landssambandsins auk þess að sinna fjölbreyttum stjórnunarstörfum innan DKG bæði innanlands og utan. Pálína innti af hendi mikilsvert og óeigingjarnt starf í þágu DKG alla tíð og var hún heiðruð fyrir störf sín innan Gammadeilar árið 2007 og Landssambands DKG árið 2011. Pálína hélt sjálf ræðu og síðan boðið uppá afmælistertu og tilheyrandi.

Fundur starfsárið 2024-2025 – þemað Farsæld og næring í lífi og starfi

Fyrsti fundur var fimmtudaginn 19. september kl. 18 í Núvitundarsetrinu og mættu þar 28 konur. Fundarefnið var *Næring fyrir veturinn* og Bryndís Jóna formaður Gammadeildarinnar fór yfir dagskrá fram að jólum. Þá kynnti hún einnig starfsemi og verkefni Núvitundarsetursins sem tengjast skólastarfi ásamt því að segja aðeins frá doktorsverkefni sínu sem snýr að velfarnaði kennara. Rætt var um hvað við viljum fá út úr félagsskap okkar og hvernig við getum eftt tenglin okkar á milli. Gamma systur ræddu saman um það hvað þær gera til að næra sig og hvernig þær ætla að hlúa að sér á komandi misserum. Ingibjörg Einarsdóttir stýrði svo talkór í lokin sem Gamma systur tóku vel undir.

Sú nýbreytni var ákveðin á fyrsta fundi haustsins að í stað þess að vera með orð til umhugsunar á fundum vetrarins þá myndu Gammasystur skiptast á að vera með örkyrningu á sér. Þetta hefur gefist mjög vel og ýtt undir nánari kynni og tengsl innan hópsins.

Annar fundur var fimmtudaginn 10. október kl. 17 í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) og mættu 18 konur á þann fund. Fundarefnið var verkefnið *Heillaspor en Bergdís Wilson*, leiðtogi hjá MMS sagði okkur frá verkefninu *Heillaspor - heildræn nálgun til náms og farsældar* sem er umvefjandi og inngildandi, þroskastýrð, áfallamiðuð og nærandi nálgun. Nálgunin byggist á því að flétta tengsla- og taugafræðilegri nálgun inn í skóla starfið. Gammasystur voru sammála um að verkefnið er bæði áhugavert og mikilvægt og vonandi nær það að skjóta rótum í íslenskum skólum.

Þriðji fundur haustsins var haldinn miðvikudaginn 13. nóvember í Bókasafn Borgarholtsskóla og mættu 21 kona þangað. Fundarefni var *Systurnar sorg og gleði* en séra Petrína Mjöll ræddi þar við okkur um systurnar sorg og gleði, mennskuna og sitthvað fleira áhugavert. Petrína Mjöll gerði þetta einstaklega vel og voru ýmsar vangaveltur og pælingar ræddar í framhaldi af hennar erindi.

Fórði fundur var síðan jólafundurinn miðvikudaginn 4. desember en á hann mættu 30 konur. Ragný Þóra bauð okkur á sitt fallega heimili að Keldugötu 9, 210 Garðabæ. Við fengum rithöfundinn Halldór Armand í heimsókn og hann sagði okkur frá bók sinni, *Merkilegt rusl*. Mikið var hlegið á meðan á upplestrinum stóð, síðan var pálínuboð að hætti Gamma kvenna og endað á því að syngja falleg jólalög við undirleika Hildar Jóhannesdóttur og stjórn Ásu Valgerðar Sigurðardóttur.

Fimmti fundur var bókafundur 13. janúar en þar opnaði Ingibjörg Jónasdóttir sitt notalega heimili fyrir okkur líkt og undanfarin ár og komu 22 konur á fundinn. Skipt var upp í hópa og jólabækurnar

ræddar, síðan sagði hver hópur frá því helsta sem rætt var. Lífleg umræða varð í stóra hópnum og fengum við fullt að hugmyndum að frekara lesefni.

Sjötti fundur Gammadeildar var þriðjudaginn 11. febrúar í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur en þangað mættu 30 konur. Þar ræddi Berglind Rós Magnúsdóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og annar stofnenda Hins ízlenska ástarrannsóknafélags fjallar um ýmsar hliðar ástarkraftsins. Góður rómur var gerður að erindinu og áhugaverðar umræður sköpuðust í framhaldinu.

Sjöundi fundur var sameignlegur fundur með Kappadeild og var haldinn í Hannesarholti, miðvikudaginn 26. mars. Þangað mættu 27 Gammakonur og fengum við tvö erindi, annars vegar fræddi Arna Hauksdóttir okkur um helstu niðurstöður á viðamikilli rannsókn um áfallasögu kvenna á Íslandi. Hins vegar fjallaði Steinunn Birna Ragnarsdóttir, alþjóðlegur ráðgjafi og fyrrverandi Óperu- og tónlistarstjóri Hörpu, um skapandi leiðir til velferðar.

Þessi fundur var haldinn með veglegum hætti, við byrjuðum á að skála og snæddum saman dýrindis fisk. Margt var skrafað og mikil og jákvæð orka á fundinum. Það var mikið um það rætt hve gaman væri að deildir hittust með þessum hætti og efldu tengsl á milli deilda.

Áttundi fundur verður svo mánudaginn 28. apríl. Vorfundurinn verður tvískiptur, sérstakur fundur kl. 17.00, hefðbundinn fundur kl. 18.00 en við byrjum á að kynningu á starfsemi og framtíðarsýn Tækniskólans. Hildur Ingvarsdóttir skólameistari tekur á móti okkur líkt og fyrir ári en ítrekaðar óskir hafa komið fram um að fá svipaða kynningu aftur þar sem margar Gamma konur misstu af þeim fundi. Seinni hluti fundar hefst svo kl 18 en þá mun Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og rithöfundur, segja okkur frá bók sinni sem er aldarspeglur á líf barna í Reykjavík frá því seint á 19.öld og til dagsins í dag.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að hvetja Gammasystur til að mæta bæði á afmælisþing DKG í maí sem og að fara til Brighton í sumar á Evrópuþing DKG. Vonast er því eftir góðri mætingu á báða þessa viðburði.

F.h. Gammadeildar

Bryndís Jóna Jónsdóttir

Formaður



Deltadeild

Skýrsla 2023-2024:

Í Deltadeildinni í vetur eru 25 konur og fundir 6 yfir veturinn.

Formaður sótti framkvæmdaráðsfund þann 1. september 2023. Mjög gagnlegur fundur, fróðleg erindi og gaman að hitta forystuna og aðra formenn deilda.

Á stjórnarfundum Delta 4. sept voru lögð drög að starfsáætlun fyrir veturinn og ákveðið þema starfsársins: Farsældarfrumvarpið/lögin, menntamál, við sjálfar, hvernig viljum við hafa starfið í vetur. Þrír fundir voru á fyrri hluta starfsársins og þrír á síðari hlutanum að meðtöldum aðalfundi.

Fyrsti fundurinn var haldinn í Bragganum v/Nauthólsveg í september 2023. Efni fundarins var í höndum Sigrúnar Jóhannesdóttur. Erindi sitt nefndi hún: “Hvað viljum við fá út úr Delta Kappa Gamma?” Eftir fróðlegt erindi setti Sigrún fundarkonur í hóp þar sem við áttum að ræða hvernig við getum eflt samtökin og af hverju við erum í þessum félagsskap. Orð til umhugsunar var í höndum Halldóru Jónsdóttir sem ræddi meðal annars um það hvort við værum of einsleitir hópur. Þá kom fram á fundinum að Nýdeildin á Norðurlandi-vestra áhuga á að funda með okkur næsta vor – og að fundarstaður væri í svipaðri fjarlægð frá hvorri heimabyggð. Ekki varð af sameiginlegum fundi á starfsárinu en málinu vísað til nýrrar stjórnar.

Annar fundur Deltadeildar haldinn í Borgarnesi 25. október 2023. Konur úr Lambdadeild voru gestir fundarins. Á dagskrá voru tvö erindi, erindi sem sóknarpresturinn í Borgarprestakalli sr. Heiðrún Helga Bjarnadóttir flutti og nefndist “Að mæta fólki í augnhæð”. Þar fjallaði hún um leið sína að prestskap sem var mjög áhugaverð. Síðara erindið flutti Signý Óskarsdóttir verkefnastjóri þróunar í Menntaskóla Borgarfjarðar, sem nefndist “STEAM nám og kennsla”. Mjög áhugaverð erindi og það gaf fundinum sérstakt gildi að fá Lambda konur í heimsókn. Við borðuðum á Landnámsetrinu og þar flutti Jónína Erna Arnardóttir Orð til umhugsunar. Þar fjallaði hún um jafnrétti og að konur væru enn að læra ný hugtök eins og þriðju vaktina sem afhjúpuðu ósýnilega vinnu og ábyrgð kvenna á heimilinu. Mikilvægt umhugsunarefni, daginn eftir kvennafrídaginn.

Þriðji fundur Deltadeildar var haldinn í Héraðsskólanum í Reykholti í nóvember og mættu átta konur. Þórunn Reykdal var með Orð til umhugsunar sem hún nefndi Rætur mínar. Minntist hún þar foreldra sinna. Þórunn Reykdal var einnig með aðalerindi fundarins þar sem hún fjallaði um skáldsöguna Hýbýli vindanna eftir Böðvar Guðmundsson. Erindið var hluti af námskeiði í umsjá Þórunnar sem nefnist Hýbýli vindanna og Lífsins tré – Myndbrot af söguslóðum. Námskeiðið var haldið á Kirkjubóli í Borgarfirði s.l. sumar á vegum Litlu menntabúðinnar. Milli erinda Þórunnar var gert hlé á dagskrá og kvöldverður snæddur á Fosshótel í Reykholt. Áður en haldið var heim á leið töfraði Þórunn fram ljúffengan eftirrétt. Í nóvember var lögð fyrir félagskonur könnun um starf Delta Kappa Gamma á Íslandi og deilda. Könnunin var frá stjórn Landssambandsins unnin í samvinnu við framkvæmdaráð.

Fjórdi fundur Deltadeildar var haldinn í Bókasafni Akraness - Svöfusal í febrúar 2024. Bókasafnið er fyrrum vinnustaður Halldóru formanns. Ingibjörg Júlíusdóttir forstöðumaður bókasafnsins tók á móti hópnum og sagði frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins en sagði jafnframt starfsfólk þess leita stöðugt leiða til að auka fjölbreytnina og ná til allra íbúa innlendra sem erlendra. Bókaspjallið var

næst á dagskrá og til umfjöllunar voru bækurnar Högni eftir Auði Jónsdóttur og Aksturslag innfæddra eftir Þórdísi Gísladóttur. Orð til umhugsunar var í umsjá Halldóru sem ræddi m.a. um lestur og hæfileikann til að lesa sér til gagns. Nefndi hún niðurstöður Pisa kannana í því sambandi og þörfina á að ná til þeirra barna sem ekki ná grunnfærni í lestri og hjálpa þeim áfram. Sagði hún þá einstaklinga missa af miklu sem ekki ná þeirri færni í lesti að geta gleymt sér við bókalestur. Þá var á fundinum var staðfest skipan í uppstillinganefnd, eða þær Jónína Erna, Elísabet og Valgerður.

Í apríl var haldinn fundur í félagsaðstöðu á Bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar. Þar tók á móti okkur Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri Farsældarþjónustu barna á Akranesi. Hún var áður verkefnastjóri við innleiðingu farsældarlaganna sem eru nýleg lög frá 2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Erindi Sólveigar nefndist: “Í átt að farsæld allra barna”. Akranes var eitt af fimm fyrstu sveitarfélögum til að hefja innleiðingu farsældarlaganna. Mikil ánægja var með erindið og góðar umræður á eftir. Orð til umhugsunar voru í umsjón Ruthar Jörgensdóttur Rauterberg og fjallaði hún um orðið inngilding. Mjög áhugavert og upplýsandi um hugtak sem er lykilhugtak í farsæld og fjölmenningu. Að loknum fundi borðuðum við á Galító.

Aðalfundur var haldinn að Hótel Vesturland í, Borgarnesi 21. maí 2024. Halldóra Jónsdóttir fráfarandi formaður kveikti á kertum og setti fund. Valgerður Janusdóttir orð til umhugsunar og fjallaði hún um reiði. Mjög áhugaverð umfjöllun um reiði og ýmsar birtingarmyndir reiðinnar. Gestur fundarins var Árný Elíasdóttir landssambandsforseti DKG. Erindi hennar fjallaði um samtökin og markmið þeirra. Hvað samtökin geta gert fyrir okkur, nefndi t.d. sjóði sem félagskonur geta sótt í náms- og ferðastyrki. Einnig geta konur utan samtakanna sótt um styrki sér til menntunar. Í síðari hluta erindi síns fór Árný yfir helstu niðurstöður könnunarinnar frá því í nóvember s.l.. Að loknu erindinu voru umræður. Eftir þessi áhugaverðu erindi Valgerðar og Árnýjar dreif Guðlaug Sverrisdóttir konur í hreyfingu. Kenndi okkur dans sem hún sagði að fyrsti og annar bekkur í Grundaskóla hefði verið fljótir að læra. Við stigum danssporin af miklum móð undir frábærri stjórn hennar og settumst svo glaðar niður við aðalfundarstörf.

Síðan hófust hefðbundin aðalfundarstörf. Halldóra Jónsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Því næst kýrsla gjaldkera og ársreikningar. Þá var á dagskrá kosning nýrrar stjórnar, 2024-2026. Formaður uppslillingarnefndar Jónína Erna Arnardóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar (Jónína Erna, Elsa og Valgerður) og lagði fram svofellda tillögu að stjórn Deltadeildar næsta kjörtímabil, 2024-2026:

Ný stjórn Deltadeildar fyrir 2024-2026 **Theodóra Þorsteinsdóttir** formaður, **Sigurveig Sigurðardóttir** ritari, **Inga Dóra Halldórsdóttir** meðstjórnandi og **Jónína Erna Arnardóttir** meðstjórnandi. **Sóley Sigurpórsdóttir** gjaldkeri. Vefarinn **okkar Ásta Egilsdóttir** hefur undanfari ár verið vefari, frábært! Stjórnin var kjörin með lófaklappi viðstaddra. Stjórnin á síðan eftir að skipa varaformann. Fundarstjóri kynnti það hefð hjá okkur að fráfarandi stjórn skipi uppstillingarnefnd. Halldóra formaður sleit aðalfundi og þakkaði Deltasystur fyrir góða mætingu á fundum og ánægjulega samvinnu á allan hátt. Þakkaði fyrir þeirra góða starf við undirbúning funda og val á fundarefni. Fráfarandi formaður bað fyrir kærar þakkar til allra Deltakvenna.

Síðan var rætt um gömul skjöl Deltadeildar hafa verið varðveitt í Héraðsskjalasafni Akraness en æskilegt er að varðveita öll skjöl DKG og deilda í Kvennasögusafni. Söfnin hafa sammælt um að skjölin verði áfram í Héraðsskjalasafninu, yrðu svo lánuð í millisafnaláni ef til þess kæmi.

Kvennasögusafnið hefur þegar fengið skjalaskrár Delta deildarinnar. Halldóra taldi rétt að færa þetta í fundargerð þar sem samtökin fagna 50 ára afmæli á næsta ári. Jónína Eiríksdóttir ræddi um

vor-og haustfréttabréfin og sagðist sakna þess að fá þau ekki útprentuð. Að lokum fékk gamla stjórnin rósir fyrir vel unnin störf og nýrri stjórn var óskað velfarnaðar. Theodóra nýr formaður tók við kössum sem og fundarbúnaði.

Skýrsla 2024-2025:

Í Deltadeildinni í vetur eru 24 konur og fundir 5 yfir veturinn.
Gyða Bergþórsdóttir lést 4. ágúst 2024.

Starfsemi Deltadeildar hófst með stjórnarfundum í lok ágúst. Á fundinn mætti einnig vefstjóri deildarinnar. Lögð voru drög að skipulagi funda í vetur.

Formaður sótti framkvæmdaráðsfund 7. september 2024, gagnlegur fundur og gefandi. Þarna komu fram ýmsar hugmyndir fyrir starfið okkar í vetur.

Fyrsti fundur Deltadeildar var haldinn í Brákarhlíð í Borgarnesi 2. október 2024. Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Deltakona tók á móti okkur og sagði frá starfsemi hjúkrunar- og dvalarheimilisins Brákarhlíðar. Það var sett á stofn 1971. Stjórn heimilisins er skipuð 6 fulltrúum frá sveitarfélögunum og sambandi borgfiskra kvenna. Í Brákarhlíð er áhersla á þar er fjölskylda og heimili og samanstendur Brákarhlíðarfjölskyldan af heimilisfólki, starfsfólki og aðstandendum. Mikið er lagt uppúr því að fólkinu líði vel í heimilislegu umhverfi. Daglegt starf er fjölbreytt og margt gert til dægrastyttingar og skemmtunar. Lögð er áhersla á endurmenntun og fræðslu hópsins. Inga Dóra sagði þjónustubörf sífellt í þróun og nú er þörf fyrir fleiri pláss fyrir þjónustu við heilabílaða og fyrir hvíldarinnlagnir. Inga Dóra gekk síðan með hópnum um heimilið og sýndi húsakynni og aðstöðu. Ingu Dóru var færð rós í þakklætisskyni fyrir kynninguna og einnig fékk ný stjórn rósir. Eftir samveruna á Brákarhlíð færðu fundarkonur sig yfir á Hótel Vesturland þar sem var borðað. Þar flutti Halldóra Jónsdóttir Orð til umhugsunar. Hún ræddi um haustið og þær breytingar sem fylgja í náttúrunni og þó gróðurinn fölni þá sé haust líka uppskerutími og nýtt upphaf. Hún ræddi mikilvægi þess að hafa áhugamál, gera það sem manni finnst skemmtilegt. Halldóra sagði síðan frá skemmtilegu verkefni sem hún kom á laggirnar og fékk aðra til liðs við sig. Verkefnið kallast Kellingarnar. Það byrjaði þannig að 2015 voru auglýstir styrkir til verkefna til að minnast 100 ára kosningaréttar kvenna. Halldóra sótti um og fékk styrk og var þetta því fyrsta verkefnið. Áhersla er á fræðslu, miðlun, samveru og útveru sem er gjarnan í formi göngu. Þetta verkefni hefur síðan orðið að árlegri hefð sem oft er tengd öðrum menningarviðburðum á Akranesi. Meðal þess efnis sem Kellingarnar hafa tekið fyrir er rithöfundar á Akranesi, útgerð, Bragi Þórðarson og saga Garða. Yfirleitt er farið með stytta útgáfu efnisins á Höfða og þá er yfirleitt tónlistarmaður með og sungið með heimilisfólki. Ræddum um mögulegt samstarf við Zontaklúbb Borgarfjarðar-Uglu. Stefnum á sameiginlegan fund 8. mars 2025 þar sem verður dansað og safnað fyrir Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar. Einnig stefnum við á sameiginlegan fund á vordögum 2025 með Epsilondeikd. Þá var rætt um möguleg tengsl við nýjar deildir fyrir norðan og fjölgun í deildinni.

Annar fundur vetrarins haldinn í Tónlistarskólanum á Akranesi miðvikudaginn 4. desember 2024. Við minntumst Gyðu okkar Bergþórsdóttur sem féll frá í sumar. Theodóra kveikti á kerti og las minningargreinina sem Sigrún skrifaði fyrir okkur í Morgunblaðið. Jensína Valdimarsdóttir var með

Orð til umhugsunar og las fyrir okkur fallega Múmínjólásögu með góðan boðskap og endaði á að lesa fyrir okkur ljóð eftir móður sína.

Farið var yfir hugsanlega dagskrá vorannarinnar, en hugmyndin er að hafa fyrsta fund eftir áramótin í Reykjavík 19. febrúar 2025 og fara svo í framhaldi af honum á leiksýningu um Marlene Dietrich sem Sigríður Ásta Olgeirsdóttir verður með í Sjálfstæðissal Parliament Hótelis við Austurvöll. Þetta verður bókafundur og valdi Halldóra fyrir okkur bækurnar til umræðu, *Ferðalok* eftir Arnald Indriðason og *Í skugga trjáanna*, skáldævisaga eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Ásta vefstjóri fór aðeins yfir félagatalið með okkur, en stjórn Delta hefur ákveðið að við settum inn fyrrverandi starf ef við værum hættar að vinna ofl. Soffía Sigurjónsdóttir okkar varð áttæð í október síðastliðnum og færðum við henni eina rauða rós. Við enduðum svo dagskrána á því að Sigríður Ásta Olgeirsdóttir gestur okkar flutti erindi og sagði okkur frá því að söngur og leiksvið hefðu alla tíð verið partur af lífi hennar, en hún byrjaði sitt tónlistarnám 4 ára gömul í Borgarnesi. Síðan hvernig leiðin lá suður til Reykjavíkur og út í heim. Og sagði okkur hvað hún er að gera í dag, hún hefur samið ýmis leikstykki og komið fram í leik og söng víða. Næst á dagkránni hjá henni er leiksýningin um Marlene Dietrich sem sýnd verður í febrúar. Söng svo nokkur jólalög fyrir okkur og Jónína Erna lék með á flygilinn. Að lokum sungum við allar saman nokkur jólalög við undirleik Jónínu Ernu, Theodóra útbjó lítið jólasönghefti sem við getum átt til næstu ára.

Þriðji fundur vetrarins var haldinn á veitingahúsinu “Hjá Jóni” við Austurvöll 19. febrúar 2025. Mjög góð mæting var á fundinn. Jóhanna Karlsdóttir flutti Orð til umhugsunar. Hún nefndi orð sín Traust og tækifæri og fjallaði þar um eigin reynslu og áhrifavalda í lífinu. Hún fékk sem lítið barn strax tækifæri og traust til að sauma og þrjána og aðgang að ýmsu efni til handmennta þrátt fyrir mjög slæma sjón og að nota saumavél. Eftir að formlegt skólanám hófst 9 ára kenndi heimanámið henni mikilvægi þess að skipuleggja vinnu. Jóhanna nefndi síðar nokkra þá sem urðu áhrifavaldar í hennar lífi, s.s. Sigríði Kolbeins prestsfrú sem kenndi söng og á orgel, Helgu Jóhannesdóttur sem kenndi handavinnu og var með mjög fjölbreytt verkefni, Steinunn Ingimundardóttur sem var með námskeið fyrir húsmæður í heimasveit Jóhönnu. Einnig nefndi Jóhanna nokkrar skólabækur sem höfðu áhrif, m.a. Skólasöngva, landabréfabók sem hún fékk 12 ára og Skólaljóðin með teikningum Halldórs Péturssonar. Faðir Jóhönnu var mikill bókamaður og fyrstu bókmenntirnar sem höfðu áhrif voru m.a. Dísá ljósálfur og Piltur og stúlka.

Jóhanna fór síðan í Reykjaskóla þar sem hún kynntist manni sínum. 1968 flutti hún svo til Reykjavíkur og fór í Kennaraskólann. Áhrifavaldar þar voru meðal annarra Loftur Guttormsson, Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. Einnig Gestur og Rúna og Benedikt Gunnarsson sem voru kennarar í listgreinum. Þar vaknaði einnig áhugi á réttindum kvenna og bókmenntum tengdum þeim s.s. Svövu Jakobsdóttur og Ástu Sigurðardóttur. Jóhanna fékk tækifæri til að fara í nám í Danmörku 1988 með áherslu á myndmennt og sköpun og árið 1996 í meistaranám í KHÍ. Jóhanna lauk orðum sínum með því að segjast þakklát fyrir allt það traust og þau tækifæri sem hún hafði notið í bernsku og menntun. Hún sýndi okkur handþrjánuð og saumuð dúkkuföt og dúka sem hún gerði sem barn.

Næst var komið að bókaumfjöllun í umsjón Halldóru Jónsdóttur. Bækurnar voru að þessu sinni *Ferðalok* eftir Arnald Indriðason og *Í skugga trjáanna* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Skiptar skoðanir fóru um báðar bækurnar en umræður urðu með minna móti vegna umhverfishljóða á staðnum.

Búið er að yfirfara félagatalið og er komið inn á okkar síðu og alþjóðlegu síðuna. Því næstvar rætt um 50 ára afmælið. Sigrún er í aðalnefndinni og Ásta Egilsdóttir og Jónína Eiríksdóttir eru í ritnefnd

fyrir okkar deild. Jónína Erna Arnardóttir og Theodóra eru búnar að semja afar skemmtilegan afmælisöng sem þær sungu fyrir okkur.

Þá var fundi slitið og hópurinn fór að sjá kabarettinn Dietrich eftir Sigríði Ástu Olgeirsdóttur í Sjálfstæðissalnum. Mikil hrifning var með sýninguna sem var frábær endir á góðum fundi.

Fjórði fundur vetrarins var óhefðbundinn, við dönsuðum á alþjóða baráttudegi kvenna, 8. mars og þetta var sameiginleg stund með Zontakonum á Vesturlandi – Uglum. Dansað var til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar. Við Delta- og Zontakonur mættum í Grundaskóla á Akranesi og gerðum klárt fyrir dansstund. Stundin hófst á því að Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Delta og Signý Óskarsdóttir formaður Uglu buðu alla velkomna og kynntu til leiks danskennarann okkar í dag, Guðlaugu M. Sverrisdóttur sem hafði með sér þrjár ungar stúlkur úr Grundaskóla. Þær kenndu okkur dans og við dönsuðum allar dágóða stund.

Þá var komið að því að fá sér kaffi og kex og einnig var dregið í happdrættinu. Allar konur mættu með vinninga svo það var úr mörgum vinningum að draga. Theodóra og Ásta Egisdóttir sáu um að stýra happdrættinu og fengu held ég flestir viðstaddir vinning. Fyrir utan happdrættismiða voru Uglur einnig með varning til sölu. Ágóðinn af happdætti og varningi var kr. 50.500 og mun renna til Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar, stykur fá Delta- og Zontakonum á Vesturlandi. Síðan var aftur dansað og ungu stúlkurnar sýndu okkur einnig skemmtilega dansa. Þegar dansstundinni lauk æfðum við nýja lagið okkar einu sinni og svo héldum við heim glaðar og léttar í sinni. Og ekki spillti sólskinið á leiðinni heim. Mannrtunarsjóðnum var færður styrkurinn í byrjun apríl 2025.

Síðasti fundur vetrarins verður í Borgarnesi í lok apríl og munu Epsilonkonur heimsækja okkur.

Borgarnesi, 7. apríl 2025
Theodóra Þorsteinsdóttir
formaður Delta

Epsilondeild

Starfsárið 2023-2024

Seinna starfstímabil stjórnar hefst þar sem Guðríður Egilsdóttir er formaður, Margrét Guðmundsdóttir varaformaður, Eydis Katla Guðmundsdóttir gjaldkeri, Guðrún Sigríks Sigurðardóttir ritari, Ester Hjartardóttir meðstjórnandi og Sigríður Guðnadóttir vefstjóri.

Fyrsti fundur Epsilondeildar haldinn þann 14. september 2023 í Skrófunni á Eyrarbakka. Fundurinn hófst á minningarorðum um látna Epsilonsystur, Pálinu Agnesar Snorrardóttur sem lést í júní 2023 en hún var ein af stofnendum Epsilondeildarinnar. Orð til umhugsunar var í umsjón Guðrún Sigríks Sigurðard. sem benti okkur á alla litlu hlutina í daglegu lífi sem okkur þykja sjálfsagðir. Í lok fundar var kynning á starfssemi Skrófunnar. 22 konur sóttu fundinn.

Inntökufundur í Tryggvaskála á Selfossi 3. október 2023 en 23 konur sóttu fundinn. Af þeim voru 6 nýjar Epsilonkonur sem gengu í félagið en það eru þær Aneta Figlarska kennsluráðgjafi, Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur, Harpa Björnsdóttir leikskólakennari, Jóhanna Einarsdóttir náms og starfsráðgjafi, Margrét Steinunn Guðjónsdóttir kennari og djákni og Sigríður Munda Jónsdóttir prestur. Árný Elíasdóttir formaður Landssambands DKG tók þátt í inntökufundinum.

Lykill að læsi – málþing Epsilondeildar var haldið í Fjölbrautaskóla Suðurlands 26. október 2023. Málþingið var vel sótt en Bjarney Sigurðardóttir talmeinafræðingur, Hlíf Brynja Baldursdóttir deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla og Svava Þ. Hjaltalín sérkennari og læsisfræðingur fluttu áhugaverð erindi um læsi í víðum skilningi. Undirbúningur málþingsins var í höndum þeirra Epsilonsystra Ernu Ingvarsdóttur, Guðríðar Egilsdóttur, Ingibjargar Þ. Þorleifsdóttur og Margrétar Guðmundsdóttur. Málþingið tókst með ágætum og var vel sótt af áhugasömu fagfólki víðsvegar af Suðurlandi auk þess sem Landsambandsforseti Árný Elíasdóttir heiðraði okkur með nærveru sinni. Nánari upplýsingar um málþingið má finna á fréttasíðu Epsilondeildar.

Jólafundur Epsilondeildar var haldinn þann 29. nóvember 2023 á Vínstofu Friðheima í Bláskógabyggð þar sem 18 Epsilonsystur nutu góðrar samveru og ljúffengra veitinga. Sigríður Munda Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar en hún valdið orðið: *Hamingja* í sinni hugleiðingu.

Bókafundur haldinn 13. janúar 2024 hjá Elinborgu Sigurðardóttur Epsilonsystur á lðu III í Biskupstungum. Hver kona sagði frá einni bók sem hún hefur lesið en alls sóttu 20 konur fundinn. Bókalistann er að finna á heimasíðu Epsilondeildar.

Marsfundur Epsilondeildar var haldinn þann 13. mars í Þorlákskirkju í Þorlákshöfn. Soffía Sveinsdóttir var tekin inn í Epsilondeild með formlegum hætti en hún óskaði eftir flutningi úr Gammadeild. Gestir fundarins voru úr Lambadeild DKG og sagði Dr. Alma Dís Kristinsdóttir okkur frá doktorsverkefni sínu sem heitir *Horft til framtíðar í fræðslumálum safna: Greining á faglegrí nálgun í íslensku safnafræðslustarfi*. Orð til umhugsunar var í höndum G. Ásgerðar Eiríksdóttur. Hún talaði um hjartasteina sem hún safnar en hún ténir þá í fjörunni við Hafið Bláa. Hver systir fór heim með hjartastein. Guðríður Egilsdóttir formaður gaf öllum systurum vorlaukafræ í heimatilbúnu umslagi sem hún hafði búið til. Kveðjugjöf frá fráfarandi formanni og áminning um að vorið sé á næsta leiti. 29 konur úr Epsilon- og Lambadeild sóttu fundinn.

Sjötti fundur Epsilondeildar haldinn í Tryggvaskála fimmtudaginn 11. apríl. Sérstakir gestir voru Gammasystur en fyrir fund hittust Epsilon- og Gammasystur í Skyrland þar sem þær fengu fræðslu

um sögu skýrs í Mjólkurbúinu í Mathöll Selfoss. Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar kom í safnið til okkar og sagði okkur frá skólamálum hjá Fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Árborgar. Á fundinum í Tryggvaskála var Erna Ingvarsdóttir með Orð til umhugsunar. Hún las kaflann um *Fyrirgefningu* úr bókinni *Veldu* en öll gerum við mistök á lífsleiðinni. Þá er best að fyrirgefa sjálfum sér og læra af mistökunum. Ingibjörg Einarsdóttir úr Gammadeild tók svo við en hún stýrði okkur í talkór þar sem við lásam saman Fuglabúlu eftir Kristján Hreinsson. Eftir sameiginlegan fund 35 Epsilon- og Gammasystra var borðað saman í Tryggvaskála áður en heim var haldið eftir góða nærveru við hverja aðra.

Aðalfundur Epsilondeildar og jafnframt 35 ára afmælisfundur, haldinn í Skyrgerðinni í Hveragerði fimmtudaginn 2. maí 2024. Stofnfélagar Epsilondeildar voru mættar á fund enda eru konurnar virkar í starfi Epsilon-deildar. Helga Halldórsdóttir úr Gamma-deild kom á fundinn en hún var ein af stofnendum Epsilon-deildar og fyrsti formaður hennar. Hún ávarpaði systur í lok fundar. Rósa Marta Guðnadóttir flutti orð til umhugsunar til heiðurs Pálínu Agnesar Snorrardóttur sem lést fyrir tæpu ári. Rósa Marta flutti einnig kveðju frá Landssambandinu en hún var fulltrúi þess á afmælisfundinum. Venjuleg aðalfundarstörf fóru fram. Ný stjórn var kynnt til leiks en í henni sitja: Margrét Guðmundsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir, G. Ásgerður Eiríksdóttir, Harpa Björnsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir. Margrét gaf kost á sér í formannsstarfið og var það samþykkt einróma. Guðríður Egilsdóttir, Guðrún Sigríks Sigurðardóttir og Ester Hjartardóttir gengu úr stjórn. Tillaga var borin upp að félagsgjaldið yrði hækkað um tvö þúsund krónur sem rynnu óskertar til Epsilondeildar og var tillagan samþykkt einróma. Að loknum aðalfundi hélt Dr. Eva Harðardóttir erindi þar sem hún fjallaði vítt og breitt um viðfangsefni um hnattræna borgarvitund sem „vísar til þess að hafa vitund um víðara samfélag og sameiginlega mennsku“. Tvíréttaður matseðill var á boðstólum í Skyrgerðinni í tilefni af 35 ára afmæli Epsilondeildar. 25 konur sátu fundinn.

Starfsárið 2024-2025

Ný stjórn tók til starfa en Margrét Guðmundsdóttir var kosin nýr formaður á aðalfundi í vor. Eydís Katla Guðmundsdóttir situr áfram sem meðstjórnandi. G. Ásgerður Eiríksdóttir er ritari, Guðlaug Jónsdóttir varaformaður og Harpa Björnsdóttir gjaldkeri. Sigríður Guðnadóttir heldur áfram sem vefritari. Starfsvæði Epsilondeildar er víðsvegar um Suðurland en Epsilonsystur sem búa í nágrenni fundarstaða eru fengnar til að taka þátt í undirbúningi fundar með því að finna fundarstaði í einhverjum tilfellum, sjá um dagskrárliðinn „Orð til umhugsunar“, finna fundarefni, ákveða og panta veitingar, skipuleggja skoðunarferðir o.fl.

Fyrsti fundur Epsilondeildar var haldinn í Skálholti þriðjudaginn 1. október 2024 þar sem 19 Epsilonkonur komu saman. Ásborg Arnþórsdóttir flutti orð til umhugsunar þar sem hún lagði út frá Degi náttúrunnar. Á fundinum fór fram hugmyndavinna um það sem Epsilonkonur vilja fræðast um eða kynna sér í vetur og minnt á þá miklu þekkingu í hópnum okkar sem er vel þess virði að nýta. Þær hugmyndir sem komu fram voru meðal annars húnur og gleði, þakklæti, hlúa vel hver að annarri, gæta að stuðningsnetinu, einblína á kærleika og jákvæðni.

Annar fundur Epsilondeildar haldinn í Lesstofu Bókasafns Árborgar á Selfossi laugardaginn 26. október 2024. Eydís Katla Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar og talaði út frá vináttu og ræddi um hvaða breytingum vinátta getur tekið og hve ólíkt hún birtist eftir aldurs skeiðum, aðstæðum og tímabilum. Byrjað var að huga að næsta málþingi Epsilondeildar sem verður liður deildarinnar í samfélagslegu verkefni á afmælisári. Margrét Blöndal deildarstjóri menningar- og

upplýsingasviðs Árborgar sagði okkur frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins í þágu menninga og lista með áherslu á fjölmennningarlegt samfélag. 19 konur sóttu fundinn.

Jólafundur Epsilondeildar var haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka miðvikudaginn 27. nóvember 2024. Arndís Hildur Tyrfingsdóttir dóttir Margrétar Steinunnar Guðjónsdóttur Epsilonsystur las nokkur ljóð upp úr ljóðabók sinni *Pínulítil hversdagsljóð* og mátti heyra andvörp og aðdáun meðan á lestri stóð. Hún lauk lestrinum á ljóðinu *Miðnætursól á Fróni* en Margrét Steinunn og börnin hennar Arndís Hildur, Guðbjörg Hrönn og Guðjón Leó stigu á stökk og sungu það fyrir okkur við lag Guðjóns Leós. Að auki sungu þau nokkur vel valin lög við góðar undirtektir. Orð til umhugsunar var með óhefðbundnu sniði en hver kona dró sitt gæfukort sem hún svo las upp fyrir hinar. Að auki valdi hver kona stein úr safni Margrétar Steinunnar sem leiddi hópinn í slökun og hugleiðslu. Eftir fund borðuðu 19 systur saman af jólahlaðborði Rauða hússins og áttu saman notalega stund.

Bókafundur Epsilondeildar haldinn heima hjá Ernu Ingvarsdóttur Epsilonsystur okkar að Laugaskarði í Hveragerði laugardaginn 18. Janúar 2025. Fyrsta var ritnefnd Epsilondeildar skipuð vegna útgáfu 50 ára afmælisrits DKG og voru nokkrar af stofnendum félagsins fengnar til verksins. Að því loknu voru bækur kynntar en listi yfir þær er að finna á heimasíðu Epsilondeildar. Einungis 13 konur sóttu fundinn en fjarvera var mikil vegna veikinda.

Fimmti fundur Epsilondeildar var haldinn að útsýnis- og veitingastaðnum Hafið Bláa við ósa Ölfusár fimmtudaginn 20. mars 2025. Sigríður Guðnadóttir sá um Orð til umhugsunar og las æsispennandi dagbókarfærslu. Formaður minnti á Afmælisping DKG 10.-11. maí 2025 og var afmælissöngur DKG æfður. Undirbúningshópur málþings Epsilondeildar haustið 2025 var skipaður og ákveðið að leggja út frá jákvæðum þáttum í lífi og tilveru barna. Sigríður Munda Jónsdóttir, Guðríður Aadnegaard, Margrét Guðmundsdóttir og Soffía Sveinsdóttir skipa undirbúningsnefnd. Aneta Figlarska og Margrét Guðmundsdóttir kynntu Erasmus+ verkefni Skólabjónustu Árborgar sem fjallar um inngildandi skólastarf með áherslu á áfallamiðaða nálgun við móttöku flóttafólks og nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Aneta kynnti einnig verkefnið *Eflum tengsl heimili og skóla* sem hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2024. Verkefnið felur í sér íslenskukennslu fyrir foreldra grunn- og leikskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn. 19 konur sóttu fundinn.

Þegar þetta er skrifað er **sameiginlegur fundur með Deltadeild** fyrirhugaður í lok apríl og við hlökkum til góðrar samveru með Deltasystur.

Í Epsilondeild eru 30 félagskonur skráðar í félagatali. Á tímabilinu hefur ein kona úr Epsilondeild látist en það er Pálína Agnes Snorradóttir sem lést í júní 2023 og er hennar minnst með þakklæti. Sjö konur hafa gengið í Epsilondeild og hlökkum við til fræðandi samveru með þeim. 3 konur hafa gengið úr deildinni vegna persónulegra aðstæðna og þökkum við þeim samfylgdina í gegnum deildarstarfið.

Margrét Guðmundsdóttir, formaður

Zetadeild

Skýrsla frá Zeta deild Delta Kappa Gamma

Í ár er fjöldi félagskvenna 15 í Zetadeild. Haustið 2024 bættist ein ný kona í hópinn okkar.

Fundir á tímabilinu 2023 -25 hafa verið samtals 12. Einhverjir fundir hafa fallið niður vegna ófærðar og veðurs. En við erum dreifðar um allt Austurland.

Fundarsókn hefur verið þökkaleg að meðaltali 10 konur á hverjum fundi.

Við höfum reynt að hafa fundina á mismunandi stöðum á Austurlandi og heimsótt margar ólíkar stofnanir.

Stjórnarfundir hafa verið 4, haldnir á messenger eða í fjarfundi.

Í febrúar 2024 héldum við bókafund í fundarsal Vakar Bistro. Fundurinn byrjaði á spjalli um farsældarlögin og skipst var á hugmyndum hvernig þau gætu komið til með að hafa áhrif á opinbera þjónustu. Þá var næst komið að bókakynningum. Félagsmenn kynntu ýmsar bækur sem vakið hefur áhuga þeirra.

Október fundur 2023 var haldinn í Leikskólanum Hádegishöfða þar sem við fengum kynningu á nýjum leikskóla. Guðmunda Vala sem er félagsmaður í Zetadeild leiddi okkur um leikskólann en hún er þar skólastjóri. Á fundinum voru þrír gestir til að kynna sér Delta Kappa Gamma.

Nóvember fundur 2023 var haldinn á Eskifirði. Við fórum í heimsókn á vinnustoru Steinunnar Sigurðardóttur listakonu sem tók á móti okkur með glæsilegum viðurgjörningi og ljúfu viðmóti. Hún sagði okkur frá sjálfri sér og við nutum frábærra verka hennar sem eru myndir, flestar málaðar með olíulitum.

Apríl fundur 2024 var haldinn í Múlanum, samvinnuhúsi í Neskaupsstað þar sem ýmsir hafa vinnuaðstöðu. Við fengum kynningu á starfseminu þar. Hrönn Grímsdóttir formaður fræðsluteymis Austurbrúar fræddi okkur um störf fræðsluteymis Austurbrúar. Unnið er mikið með raunfærnimat í fræðsluteyminu.

Í ágúst 2024 var haldinn aðalfundur sem átti upphaflega að vera að vori en vegna ófærðar féll hann niður og það gerði líka fundurinn í febrúar. Á fundinum var kosinn nýr formaður, en Unnur Óskarsdóttir hafði verið formaður og tók Ólafía Þ. Stefánsdóttir við. Brynja Garðarsdóttir og Ruth Magnúsdóttir eru nýjir stjórnarmenn. Helga Guðmundsdóttir verður áfram gjaldkeri.

Í október 2024 var haldinn fundur í Neskaupsstað í Beituskúrnum sem er nýuppgert veitingahús en hafði áður haft það hlutverk að hýsa starfssemi beitningar. Fengum við sögu hússins frá staðarhaldara. Á fundinum var nýr félagsmaður tekinn inn Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri Múlaþings.

Desemberfundur 2024 var haldinn í Sólinni sem er frístundaheimili fyrir börn með þroskaskerðingu. Fundarmenn fengu kynningu á starfseminni.

Í febrúar 2025 var fundur á Reyðarfirði, þar fengum við kynningu á verkum leirlistarkonunnar Estherar Aspar Gunnarsdóttur. Esther Ösp vinnur ýmiss leirverk í bílskúr heima hjá sér en aðalstarf hennar er að hafa umsjón með vefgerð hjá Austurbrú.

Í apríl 2025 var fundurinn haldinn í Hallormsstaðarskóla. Skólastjóri kynnti nýjungar í starfsemi skólans.

Vorfundur er fyrirhugaður í maí.

Á öllum fundum eru hefðbundin fundarstörf eftir kynningar. Kveikt á kertum, lesin markmið Delta Kappa Gamma og liðurinn orð til umhugsunar er alltaf. Við höfum haft það skipulag að á hausti setur stjórn saman starfsáætlun og eru alltaf þrír félagsmenn sem sjá um skipulag funda og fundarstað. Þetta hefur gefist vel og sjá þær um að fundarstörfín líka.

Ólafía Þ. Stefánsdóttir

Tók saman.

Etadeild

Skýrsla stjórnar Etadeildar 2023-2025

Stjórn Etadeildar 2023-2025

Ólöf Helga Þór formaður

Sigríður Heiða Bragadóttir varaformaður

Ásta Lárusdóttir ritari

Jóhanna Thelma Einarsdóttir vefstjóri

Hafðís Sigurgeirsdóttir gjaldkeri

Að jafnaði eru í Etadeild sex fundir á hverju starfsári, alltaf gefandi og almennt vel sóttir. Um tveir þriðju félagskvemma mæta að meðaltali á fundina. Leiðarljós starfsins eru markmið DKG ásamt gildum og markmiðum Etadeildar. Gildin okkar eru *frumkvæði, fagmennska og samkennd*. Markmiðin eru: *Að hafa forystu í faglegri umræðu; Að efla innbyrðist tengsl okkar; Að velja verkefni utan deildar til að vinna að; Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan.*

Núverandi stjórn hefur settið frá árinu 2021 og setti sér markmið að fjölga konum í deildinni. Hefur það tekist nokkuð vel og nú eru sex nýjar konur komnar í deildina og tvær í viðbót munu verða innvígðar næsta haust. Í Etadeild eru skráðar 33 konur.

Starfsár Etadeildar 2023 – 2024

Miðvikudaginn 18. október 2023 var fyrsti fundur vetrarins í sal í Kringlukránni.

Í upphafi fundar var haft nafnakall en sá siður var tekinn upp til þess m.a. að kynna nýja félag, en lögð hefur verið áhersla á nýliðun í deildinni.

Gestur fundarins var Gunnar Sveinn Magnússon, Sjálfbærnistjóri hjá Deloitte sem flutti erindið *Hvernig búum við til nýtt sjálfbært hagkerfi*. Hann ræddi um að framundan væru krefjandi tímar með aukinni áherslu á orkuskipti, kolefnishlutleysi, hringrásarhagkerfi og náttúruvernd, en jafnframt þyrfti að huga að auknu jafnrétti, mannréttindum og gagnsæjum stjórnarháttum í virðiskeðjunni svo eitthvað sé nefnt. Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir vegna loftlagsbreytinga og annarrar áhættu tengdri sjálfbærni kalli á stórhuga aðgerðir.

Mjög góður rómur var gerður að erindi Gunnars og líflegar umræður spunnust út frá því.

Bryndís Guðmundsdóttir var með Orð til umhugsunar. Hún minntist *Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur* en hún var einn af stofnfélögum Eta deildar 1997.

Þriðjudaginn 5. desember 2023 var jólafundur haldinn í Skagaseli 7 á heimili Sophie- Kofoed Hansen, kl. 18:00-21:00. 24 konur mættu á fundinn en dagskrá var hefðbundin jóladagskrá.

Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur, las úr bók sinni *Steinninn*, sem kom út í vor. Ragnheiður er barnabókahöfundur en hefur á seinni árum skrifað nokkrar frábærar bækur sem eru ætlaðar fullorðnum. Að lestri hennar loknum spunnust skemmtilegar umræður bæði um skólamál og málefni þeirra sem komnir eru á eftirlaunaaldur, en söguhetjan í bókinni er sjötíu ára gömul kona sem er að halda upp á afmæli sitt.

Anna Sigríður Pétursdóttir var með Orð til umhugsunar og tók hún fyrir *jólahald frá æskuheimilinu* og miðaði við aldur sinn þegar hún var 7 ára og hvernig móðir hennar sá fyrir öllu smáu sem stóru.

Að loknum upplestri Ragnheiðar var boðið upp á smásnittur, freyðivín og smákökur og hófust þá umræður kvenna á milli. Myndaðist ljúf og jólaleg stemming og inn á milli voru sungin jólalög. Í Eta deild eru nokkrir talmeinafræðingar sem komu að gerð málörvunarbókar, Orð og ævintýri sem gefin er út af Menntastofnun. Öll leikskólabörn tveggja, þriggja og fjögurra ára fá þessa bók gefins. Þær sögðu okkur lítilega frá þessari frábæru bók. Fundinum lauk um kl. 9 og fóru allir saddir og glaðir af bæ.

Mánudaginn 22.1.2024 var fundað í Kringlukuránni 21 félagskona mætti á fundinn og fjórar nýjar félagskonur. Gestur fundarins var Árný Elíasdóttir forseti DKG á Íslandi.

Árný Elíasdóttir flutti mjög *fróðlegt erindi um DKG*. Hún sagði m.a. frá niðurstöðum könnunar á viðhorfum félagskvenna til starfa DKG á Íslandi. Fram hafi komið almenn ánægja t.d. með fræðslu á fundum, samheldni, vináttu og að þau væru valdeflandi. Það sem betur mætti fara væri meiri þátttaka, samtökin væru sýnilegri í íslensku samfélagi og að samtökin létu sig menntamál meiri varða. Góður rómur var gerður af erindi Árnýjar og líflegar umræður urðu á meðal félagskvenna um þau atriði sem fram komu hjá Árnýju.

Næst á dagskrá var inntökuathöfn fjögurra nýrra félagskvenna, þær voru Björk Jónsdóttir, Oksana Shabatura, Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir og Þóra Sæunn Úlfisdóttir

Síðasti liður fundarins var *umræða um bækur gefnar út 2023*. Rætt var í smærri hópum um bók að eigin vali. Konur komu með og/eða gerðu grein fyrir einni bók sem var þeim hugleikin og voru íslenskar bækur í forgrunni. Umræður urðu mjög áhugaverðar og líflegar. Kaffi og sætur biti var í boði undir umræðum.

Miðvikudaginn 13.3.2024 var fjórði fundur vetrarins haldinn í Hannesarholti.

Bókakynning: Lilja Magnúsdóttir kynnti bók sína *Friðarsafnið* sem fjallar um ungan mann á flótta, Frank. Inn í söguna fléttist stafrænt ofbeldi. Í umræðum í kjölfar kynningarinnar kom fram tenging við ástandið í dag m.a. mikilvægi þess að fara ekki í skotgrafirnar. Pólar í íslensku samfélagi séu að verða hættulegir. Lilja greindi auk þess stuttlega frá bók sinni Gaddavír og gotterí. Í henni eru stuttar sögur af lífi barna í sveit á Íslandi fyrir nokkrum áratugum.

Orð til umhugsunar voru flutt af Auði Torfadóttur. Hún deildi með okkur þeim miklu áskorunum sem felast í *flutningi úr stærra rými í minna* eftir 40 ára búsetu. Þær felist ekki síst í að velja það sem þú tekur með þér á nýja staðinn. Auður sagði frá merkri sögu píanósins sem var á heimilinu og var orðið gamalt og lúið. Hún rakti ferðir þess á milli staða á Íslandi og mismunandi hlutverk. Hún nefndi í lokin ósk um að þeim einstaklingum sem væru um þessar mundir að koma til Íslands til að setjast hér að, tækist að aðlagast nýju umhverfi sem best.

Kvöldverður: Í boði var ljúffengur þorskur og meðlæti að hætti Hannesarholts og á eftir var borið fram kaffi og dásemdar Sörur sem bráðnuðu í munni.

Aðalfundur var haldinn miðvikudaginn 15.5.2024 fór fram í Kaffi Flóru í Grasagarðinum. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar, samþykkt reikninga og kosning nýrrar stjórnar.

Líflegar umræður voru undir liðnum önnur mál. Rætt var um félagsgjaldið og hvernig það skiptist. Ákveðið var að hækka árgjaldið um 1000 kr. Gjaldkera var falið að taka saman kostnað fyrir hvort ár fyrir sig og gera fjárhagsáætlun. Rætt var um fjölda funda og ákveðið að hafa 3 fundi fyrir áramót og 3 fundi eftir áramót. Stjórnin mun skipta félagsmönnum í hópa sem sjá um hvern fund. Núverandi stjórn mun sitja áfram næsta tímabil.

Fyrir aðalfundinn leiddi Hjörtur Þorbjörnsson framkvæmdastjóri okkur um *Grasagarðinn* og húsnæði hans. Hann var með fróðlega og skemmtilega fræðsla um sögu garðsins í gróðurhúsi þar sem veður leyfði ekki langa útiveru. Það vakti athygli okkar hversu fjölbreytt flóra er í garðinum.

Starfsár Etadeildar 2024 – 2025

Fulltrúaráðsfundur var haldinn 7.september í HR og sóttu Ólöf Helga Þór formaður og Sigríður Heiða Bragadóttir varaformaður Eta og formaður félaga og útbreiðslu nefndar landfélagsins fundinn. Formenn deilda hafa sameiginlegan vettvang á netinu. Efni fundarins nýttist vel fyrir störf stjórnarinnar í vetur en unnið er að því að skilgreina samfélagsverkefni Eta deildar.

Miðvikudaginn 2. október 2024 var fyrsti fundur vetrarins, í húsnæði Góða hirðisins. Freyr Eyjólfsson Verkefnastjóri Fræðslu og kynninga hjá Sorpu bauð okkur húsnæði þar en hann var með erindi kvöldsins. Síðan flutti Freyr mjög áhugavert erindi um *Hringrásarhagkerfið* sem er hagkerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Markmiðið er að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun. Helstu aðgerðir sem tryggja að auðlindum sé haldið í hagkerfinu eru að deila, gera við, endurnota, endurframleiða og endurvinnna. Þá fjallaði hann um hvað fælist í þessum aðgerðum. Fundarmenn voru mjög áhugasamir og spunnust líflegar umræður um loftlagsmál. Meðan á umræðunum stóð var boðið upp á gómsætt brauðmeti og sætmeti sem fundarkonur reiddu fram.

Ólöf Helga Þór var með Orð til umhugsunar og ræddi um hvað það væri gott að njóta náttúrunnar í rysjóttu veðri og talaði hún um hvað fuglar og söngur þeirra hefðu glatt hana hér í borginni og úti á landi og sagði að í bókinni *Fuglar* eftir spéfuglana Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring væru mjög skemmtilegar myndir og frásagnir.

Þriðjudaginn 12. nóvember 2024. Gestir fundarins voru: Ingvar Sigurgeirsson, Nanna Kristín Christiansen og Hanna Rún Eiríksdóttir. Gestirnir fjölluðu um *Íslensku menntaverðlaunin*. Ingvar Sigurgeirsson prófessor og verkefnisstjóri verðlaunanna byrjaði á að kynna þau. Hann fór yfir markmið verðlaunanna sem eru að viðurkenna og heiðra framúrskarandi starf og nýsköpun á sviði menntamála. Verðlaunin eru veitt árlega til einstaklinga, hópa eða stofnana sem uppfylla þessi markmið. Hann lagði áherslu á það að verðlaunin hafi hvetjandi áhrif á skólastarf og stuðli að faglegri þróun innan íslenska menntakerfisins og sýndi glærur af verðlaunaverkefnum nokkurra skóla. Þá sagði Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari við Klettaskóla og aðjúnkt við Háskóla Íslands frá verðlaununum sem hún fékk fyrir *framúrskarandi kennslu nemenda með fötun*, meðal annars fyrir að þróa nýjar leiðir til tjáskipta. Í samstarfi við ÖMÍ og fyrirtækið tobiidynavox lærði hún að kenna nemendum sínum að nota augnstýribúnað til samskipta með samskiptatöflum sem hún hannaði eða staðfærði. Síðan sagði Nanna Kristín Christiansen frá verðlaununum sem hún fékk fyrir *framúrskarandi störf við þróun og innleiðingu leiðsagnarnáms sem kennsluaðferðar*. Leiðsagnarmat er byggt á ítarlegum niðurstöðum úr rannsóknum á beitingu aðferðarinnar við breska skóla. Stuðst er við aðferðafræði Shirley Clarke. Mjög góður rómur var gerður að erindunum og mörgum spurningum svarað. Að lokum hvatti Ingvar félagskonur að horfa á afar vel unnin þátt RÚV um afhendingu Íslensku menntaverðlaunanna.

Bryndís Guðmundsdóttir var með Orð til umhugsunar og ræddi um átakið *Nægjusamur nóvember* sem nú er í gangi einmitt til þess að vekja fólk til umhugsunar um neysluvenjur sínar og hvetja það

til aukinnar nægjusemi með sjálfbærni í huga. Mikilvægt sé að átta sig á gervipörfum og forðast græðgi.

Jólafundur var haldinn þriðjudaginn 2. desember 2024 í Ölduselsskóla. Gestur fundarins var Margrét Tryggvadóttir og kynnti nýjustu bók sína *Einar, Anna og safnið sem var bannað börnum*. Margrét leiddi okkur í gegnum um í Listasafn Einars með myndum og frásögnum af lífshlaupi Einars og Önnu á Skólavörðuholtinu. Mikill fróðleikur er í bókinni sem ekki er á allra vitorði.

Hulda Karen Daníelsdóttir var með Orð til umhugsunar og lagði út af bókartitlinum *Veisla í farangrinum* eftir Hemmingway. Hún sagði frá því þegar hún flutti til Kanada og í farangrinum var hún með íslenskar jólahefðir m.a. að baka nokkrar smákökusortir og að hreingera allt hátt og lágt. Hún flutti einnig með sér þá íslensku hefð að gefa börnunum gjafir í skóinn á aðventunni, og það varð til þess að gistinóttum vina barnanna hennar fjölgaði á aðventunni. Síðast en ekki síst að allir væru þrúðbúnir kl. 18:00 á aðfangadag. Í Kanada er ekki lagt upp úr aðfangadagskvöldi eins og hér hjá okkur, jóladagur er aðaldagurinn þar sem gjafirnar eru teknar upp.

Miðvikudaginn 22. janúar 2025 var haldinn fundur í húsakynnum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Oksana Shabatura flutti erindið: *Brú milli landa. Um starf okkar brúarsmiða*. Erlendum nemendum fjölga ört hér á landi. Þeir koma úr mismunandi aðstæðum. Börnin kunna ekki öll ensku, eru því hjálparlaus og vantar brúarsmið sem talar móðurmál barnsins. Brúarsmiðir hitta fjölskyldur er þær koma til landsins. Það vantar oft túlka fyrir fjölskyldurnar, þeir sem koma að túlka eru oft með fátæklegan orðaforða, því eru brúarsmiðir mikilvægir. Skilja þarf þær aðstæður sem börnin koma frá. Í dag eru til arabískur, flippísku mælandi, úkraínskur og pólskur brúarsmiður. Hlutverk þeirra er að byggja brú milli landa – útskýra hver menningarmunurinn er milli heimalandsins og hins nýja lands, Íslands.

Oksana segir okkur frá Úkraínu, lífsháttum fólks og skólakerfinu. Og hvernig stríðið hefur höggvið skarð í samfélag þar sem áður bjuggu 43 milljón manns en núna aðeins á bilinu 28-34 milljónir. Dæmigerðir matarréttir eru: Borsch (rauðrófusúpa), varenyky (deighálfmánnar með fyllingu), holodec (sulta úr svínakjöti), deruny (grænmetisbuff) og salo (svínafita). Þjóðbúningurinn er vyshyvanka eða blússa, útsaumuð, bæði á stráka og stelpur.

Ragnheiður Jóna Jónsdóttir flytur orð til umhugsunar með yfirskriftinni: *Höfum við gengið til góðs?* Hún talaði út frá því að Oksana Shabatura ætlaði að tala við okkur í dag og hversu margt hefði breyst frá því að Ragnheiður hefði í doktorsritgerð sinni fjallað um það hvernig við Íslendingar gætum tekið betur á móti erlendu fólki. Þá, í upphafi 10. áratugarins hefðu útlendingar á Íslandi verið um 10 þúsund, nú væru þeir um fimmtungur þjóðarinnar. Í doktorsritgerðinni spurði Ragnheiður: þurfa kennarar sérstaka þjálfun til að búa þá undir kennslustarf í fjölmeningarsamfélagi framtíðarinnar?

Miðvikudaginn 12. Mars 2025. Björk Jónsdóttir fjallaði um *starfsemi Brúaskóla* yfir tímabilið 2003-2025. Hún sagði okkur frá markmiðum og hlutverki skólans og þann mikilvæga þátt að nemendur/börn gætu farið úr sínu skólaumhverfi náð áttum og komið svo aftur til baka til síns skóla og haldið áfram námi. Miklar umræður spunnust eftir fróðlegt erindi Bjarkar og fundarmönnum ljóst að brýn þörf er á að sveitarfélög í landinu stofni sambærileg úrræði.

Björg Kristjánsdóttir var með Orð til umhugsunar og fjallaði um *mikilvægi núvitundar og samkenndar í nútíma samfélagi*.

Mánudaginn 28. apríl 2025 var haldinn síðasti deildarfundur vetrarins. Kvöldið hófst með inntökuathöfn nýrrar félagskonu, Eddu Gíslínu Kjartansdóttur og lauk með fjöldasöng.

Ritnefnd Eta deildar (Auður Torfadóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Ólöf Helga Þór) gerðu grein fyrir ritstörfum sínum sem fólust í að skrá „Sögu Eta deildar“ í 50 ára afmælisrit *Delta Kappa Gamma*. Á fundinum las ritnefndin textann upp fyrir félagskonur og þar kom mjög margt fróðlegt og skemmtilegt fram úr sögu deildarinnar.

Að efla innbyrðis kynni Eta systra. Í fundarboðinu voru Eta systur beðnar um að taka með á fundinn hlut/mynd sem hefði merkingu fyrir þær og áttu þær síðan að deila sögu hlutarins/myndarinnar með borðfélögum. Á fundinum var systrunum síðan skipt í 5 manna hópa og deildu þær sögu hlutar/myndar sem þær höfðu með sér og hafði tilfinningalegt gildi fyrir þær. Þetta vakti mikla ánægju og fannst systrunum sem þær hefðu kynnst enn betur.

Að lokum hefur stjórn deildarinnar ákveðið að brýnt er að skipuleggja hópvinnu um samfélagsverkefni Eta deildar. Mun fyrsti fundur næsta starfsárs vera helgaður verkefninu, því miður vannst ekki tími til að fara í vinnuna á liðnu starfsári. Áhugi er mikill meðal Eta systra og hlökkum við til að koma á fót nýju verkefni.

F.h. stjórnar Etadeildar
Ólöf Helga Þór
formaður

Petadeild

Skýrsla Peta deildar vegna starfsáranna 2023-2024 og 2024-2025

Í Peta deild eru skráðar 30 konur. Um 2/3 þeirra mæta á flesta fundi og eru virkar. Ein kona var tekin inn í deildina síðastliðið haust. Engin hefur formlega hætt en vitað er af tveimur sem mæta sjaldan vegna veikinda og þriggja sem eru komnar á eftirlaun og eru mikið erlendis.

Fjöldi funda veturinn 2023-24 voru sex. Fjöldi funda veturinn 2024-25 voru fimm. Afmælisþingið er eftir og vorferð. Fjöldi á hverjum fundi er skráður fyrir aftan upplýsingar um hvern fund.

2023-2024

Stjórn: Lóa Gestsdóttir, Inga Sif Stefánsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir.

19.september- Fundur haldinn í Heiðarskóla í Reykjanesbæ

- Á fyrsta fundi haustsins setti formaður fundinn og fór yfir áætlun ársins og kom ýmsum upplýsingum til Peta systra. Hún ræddi um þema vetrarins sem var Hugrekki, konur og leiðtogar í eigin lífi. Skipt var upp í hópa og teknar umræður um nokkur atriði. Fanney Dóróthe sagði frá starfsemi menntasvið í Hafnarfirði. Orð til umhugsunar frá Gerði Pétursdóttur. Súpa og brauð. Mættar- 17

26.október- Vissuferð í Grindavík.

- Farið var með rútu til Grindavíkur. Við byrjuðum á því að heimsækja fisktækniskólann og fengum góða kynningu á starfseminni þar. Svo fórum við í fataverslunina Palómu þar sem boðið var upp á rautt og hvítt og þar á eftir í hönnunarfyrtækið Vigt. Að lokum borðuðum við saman á Sjávarsetrinu. Afar skemmtileg og eftirminnileg ferð. Nokkrum dögum síðar var Grindavík rýmd. Mættar-18

29.nóvember- Jólafundur

- Jólafundurinn var haldinn heima hjá einni félagskonu. Kósýbandið kom og söng nokkur jólalög. Heiða var með orð til umhugsunar og Anna Lóa Ólafsdóttir var með innlegg. Að lokum borðaði hópurinn saman þakkargjörðarmáltíð. Mættar 16

22.janúar- bókafundur

- Bókafundur var haldinn heima hjá Guðbjörgu Sveinsdóttur. Var hver kona með bókakynningu. Orð til umhugsunar og bauð húsráðandi upp á súpu og brauð. Mættar-21

20.febrúar- Heimsókn í Setberg- HÍ

- Áætlað var að heimsækja Setberg og hlusta á Regínu Ómarsdóttur fjalla um menningarnæmi en fundur féll niður vegna dræmrar þátttöku.

8.apríl- Heimsókn á Bessastaði

- Farið var í rútu til Bessastaða þar sem forseti Íslands tók á móti hópnum. Eftir eftirminnilega ferð borðaði hópurinn saman á Krydd í Hafnarfirði. Mættar- 25

2.maí- aðalfundur

- Aðalfundarstörf, orð til umhugsunar og spjall. Ný stjórn kosin til starfa.

2024-2025

Stjórn: Heiða Ingólfssdóttir formaður, Jurgita Milleriene ritari, Anna Whalstrom meðstjórnandi, Ingibjörg Guðmundsdóttir meðstjórnandi og Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri.

19.september- Heimsókn í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

- Geirprúður Fanney og Karen Þeta systur tóku á móti okkur í tónlistarskóla Reykjanesbæjar þar sem þær kynntu starfsemina og gengu með okkur um skólann. Við fengum að hlíða á yndislega tónlist tveggja nemenda skólans og Guðbjörg var með orð til umhugsunar og sagði frá landssambandsþinginu. Súpa og brauð. Mættar 18.

6.nóvember- Fundur í Fjölbautarskóla Suðurnesja

- Fundurinn var haldinn í FS þar sem Elín Rut áfangastjóri og Þeta systir tók á móti okkur. Hún sagði frá starfsemi skólans, brautum og nýngum. Hópurinn átti góðar umræður um möguleg samfélagsverkefni á Reykjanesinu. Inga Sif var með orð til umhugsunar. Linda var formlega tekin inn í hópinn. Smáréttir frá Soho. Mættar 16.

3.desember- Jólafundur

- Jólafundur haldinn í Vörðunni í Suðurnesjabæ. Edda Björgvinsdóttir sagði nokkur skemmtileg orð um hómor og gleði. Jenný var með orð til umhugsunar og Guðjón Þorgils, sigurvegari Samfés söng nokkur jólalög. Matur frá Höllu. Mættar- 20

20.janúar- bókafundur

- Bókafundurinn var haldinn heima hjá Ingibjörgu Þeta systur. Við fengum Geir Sigurðsson kennara í HÍ og rithöfund til að kynna tvær bækur. Aðra sem hann þýddi og hina sem hann skrifaði sjálfur. Nokkrar Þeta systur sögðu frá áhugaverðum bókum og Brynja Aðalbergssdóttir var með orð til umhugsunar. Léttir réttir voru frá Sóma. Mættar-19

25.mars- Heimsókn í leikskólann Gefnarborg í Suðurnesjabæ

- Anna Sofía Þeta systir sagði frá verkefninu þeirra Inclusion through sensory intergration, Ingibjörg Jóns leikskólastjóri sagði frá starfsemi skólans og Árný landsforseti heimsótti okkur og sagði nokkur orð um starfsemi samtakanna og afmælisráðstefnuna. Að lokum var Ingibjörg með orð til umhugsunar. Kjúklingasalat frá Langbest. Mættar- 11

Tekið saman af Heiðu Ingólfssdóttur, formanni Þeta deildar.

Iotadeild

Skýrsla Iota 2023 – 2025

20 konur greiða félagsgjald starfsárið 2024-2025.

Ein kona var tekin inn formlega á tímabilinu.

Tvær konur hættu.

2023-2024:

Sex fundir haldnir auk aðalfundar deildar. Fundir haldnir í Bolungarvík, Ísafirði, Þingeyri.

Október: Kynning á starfsemi Leiklistarmiðstöð á Þingeyri (Elfar Logi Hannesson, leikari og leikstjóri), einnig kíkt í vinnustofu Marsibil Kristjánsdóttur, Billu, myndlistarkonu og hönnuður leikmynda, búninga o.fl., eiginkonu ELH. Kvölverður snæddur í Blábankanum. – 9 mættar.

Nóvember: Kynning á starfsemi Háskólasets Vestfjarða, Ísafirði (Peter Weiss, forstm.), Árný Elíasdóttir forseti heimsótti fundinn. Endað í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem konur snæddu kvöldverð. – 14 mættar, auk Árnýjar landsforseta og þriggja gesta kvenna í deildinni.

Desember: Jólafundur haldinn á Ísafirði. Martha Hlín Magnadóttir annar eigandi bókaforlagsins Bókabeitunnar kynnti forlagið. Þess má geta að Martha Hlín er Ísfirðingur. – 14 mættar.

Janúar: Bókafundur í heimahúsi í Bolungarvík. Steinunn Guðmundsdóttir bauð heim. Fjölbreyttar bækur, bæði úr jólabókaflóði og eldri kynntar – 11 mættar.

Febrúar: Soffía Vagnsdóttir hélt erindi á Zoom sem hún kallaði „Tilvera okkar er undarlegt ferðalag“ þar sem fjallaði um framtíðarpælingar, fjölmenningu og sjálfstílrú/jákvæða sálfræði. – 13 mættar.

Mars: Fundur haldinn í leikskólanum Eyrarskjóli á Ísafirði sem er Hjallastefnu-skóli og hann kynntur og hvernig útfærður í þessum skóla. Ingibjörg Einarisdóttir, leikskólastjóri tók á móti og sá um að kynna. – 10 mættar.

Apríl: Aðalfundur Iota haldinn á Ísafirði. Sóttu hann 12 konur.

2024-2025:

Fimm fundir haldnir. Fimm fundir haldnir; sex voru á dagskrá, einn féll niður vegna veðurs. Fundir haldnir á Ísafirði, Flateyri og í Súðavík.

Október: Störf tónlistarskóla Ísafjarðar og kynning á meistaraverkefni um leiðtogafærni tónlistarkennara (Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, skólastjóri og félagi Iota) – 15 mættar.

Desember: Höfundur kynnir nýútkomna bók, Ég skal hjálpa þér, um Auri Hinriksson (Herdís Hubner rithöfundur, þýðandi og f.v. kennari), haldinn í húsnæði Byggðasafnsins í Neðstakaupstað, stuttlega sagt frá jólasýningu sem er árviss viðburður. – 17 mættar.

Janúar: Bókafundur í heimahúsi hjá félaga í Iota, Önnu Lind Ragnarsdóttur, í Súðavík. – 9 mættar.

Febrúar: Skoðunarferð og kynning í Netagerðinni, skapandi vinnustofum, Ísafirði, þar sem fjölbreyttur hópur listamanna og hönnuða eru með aðstöðu, Heiðrún Jóhannsdóttir, frumkvöðull og hönnuður). – 9 mættar.

Mars: Saga deildar kynnt af ritnefnd Iota, kona tekin inn í deildina, haldinn á veitingahúsinu Bryggjukaffi á Flateyri. – 12 mættar.

Apríl: Í byrjun mánaðarins var farið með rútu í dasgferð á Patreksfjörð og voru nokkrir staðir þar í bæ heimsóttir. Í Vatneyrabúð kynnti Rebekka Hilmarsdóttir sögu hússins, sem hýsti upphaflega verslun en er búið að gera upp að miklum hluta. Edda Bára Árnadóttir starfsmaður Bláma, samstarf nokkurra vestfirskra aðila á sviði orkuskipta sagði frá þessu þróunarverkefni. Blámi, Vestfjarðastofa og fleiri aðilar eru með starfsstöð í Vatneyrabúð. Næst tók Birta Ósmann Þórhallsdóttir, myndlistarkona, þýðandi, skáld m.m. á móti hópnum í Skriðu, bókaútgáfu og prentverkstæði sem hún rekur og er staðsett á hafnarsvæðinu, í gömlum beitningaskúr. Næst var farið í bíó, hið fræga Skjaldborgarbíó þar sem Alda Hrannardóttir og Davíð Rúnar Gunnarsson tóku á móti með popp og kók. Konur settust í sætin og fengu að sjá stutt broti úr kvikmynd, til að „búa til réttu stemmninguna“ áður starfsemin var kynnt, en þetta bíó er rekið í sjáldboðastarfi. Alda er einnig forstöðumaður bæjarbókasafnsins og bauð hún hópnum að kíkja í heimsókn í safnið. Var þetta síðasta heimsóknin og hélt hópurinn á Bíldudal til að snæða kvöldverð áður en haldið var heim. Fjórtán konur tóku þátt í vel heppnaðri vorferð sem var gott slútt á vetrarstarfi Iota.

Fundir og staðsetningar:

Fundir fara aða jafnaði fram í fyrstu viku nýs mánaðar. Áður en vetrarstarfið hefst er stjórnin búin að funda til að leggja drög að dagskrá og sex fundum frá október til mars mánaðar.

Fundum er dreift yfir svæðið og reynt að fá aðila, helst konu sem hefur frá áhugaverðu verkefni að segja úr fræðslu- eða menningstarfsemi, rannsókn/ritgerð, frumkvöðlaverkefni o.s.f. og helst að mæta og vera með kynningu. Stundum höfum við fengið kynningu á netinu.

Konur skiptast á að koma með léttan kvöldverð, en ef fundað er á veitingastað er keyptur matur.

Á desemberfundi snæða konur saman smurbrauð og hlýða á bókakynningu.

Janúarfundur er bókafundur og segja konur frá áhugaverðri bók/bókum.

Félagarnir, konur í Iota eru búsettar í flestum bæjarkjörnum á norðanverðum Vestfjörðum: Bolungarvík, Flateyri, Ísafirði, Suðureyri, Súðavík og Þingeyrilota-systur vinna á nánast öllum skólastigum auk í fullorðinsfræðslu, flestar við kennslu, en einnig eru í hópnum skólastjórar, verkefnastjórar, gæðastjóri, námsráðgjafi og bókavörður, til að nokkur dæmi séu nefnd. Nokkrar í hópnum eru komnar á eftirlaun.

„Kona kynnir sig“, undanfarin ár hefur þessi dagskrárliður verið á sínum stað. Ein kona kynnir sig á hverjum fundi og ósjaldan kynnumst við nýrri hlið á systurum okkar.

Kappadeild

Skýrsla Kappadeildar 2023-2025

Starfsárið 2023-2024

7 fundir voru haldnir á starfsárinu.

Haustfundur; Haldinn 21. september í lðunni fræðslusetri, 16 konur mættar

Aðal efni; Starfsáætlun, aðaláherslur vetrarins og nefndir kynntar, Fréttir frá Landsambandsþingi, Hildur Elín Vignir sagði frá því sem helst er um að vera í lðunni fræðslusetri og Orð til umhugsunar voru í höndum Sveinfríðar Olgu Veturliðadóttur.

2. fundur starfsársins, haldinn 6. nóvember í Fjölbrautarskóla Mosfellsbæjar, 18 konur mættar.

Aðal efni; Svanhildur Svavarsdóttir, námsráðgjafi og Kappakona segir frá starfsemi FMos Valgerður Magnúsdóttir flytur Orð til umhugsunar.

3. fundur, Jólafundur; haldinn 7. desember í heimahúsi, að Dugguvogi 8, 17 konur mættar.

Aðal efni: Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur fjallar um bók sína „Land næturinnar“ samsöngur og notaleg samvera.

4. fundur, Bókafundur; haldinn 16. Janúar í heimahúsi að Beykihlíð 4, 17 konur mættar.

Aðal efni: Kynning Kappakvenna á þremur spennandi bókum, Sigríður Hulda Jónsdóttir sér um Orð til umhugsunar, spjall og notaleg stund.

5. fundur starfsársins; haldinn 19. febrúar í Golfskálanum Blik við Ærhöfða í Mosfellsbæ.

19 konur mættar.

Aðal efni; „Farsældin er í Mosfellsbæ“ Ragnheiður Axelsdóttir segir okkur frá hvernig innleiðing farsældarlaganna í skólastarfið gengur. Gunnlaug Hartmannsdóttir sér um Orð til umhugsunar.

6. fundur starfsársins; haldinn 4. apríl í Borgartúni 12, 16 konur mættar.

Aðal efni: Lilja Árnadóttir segir frá bókinni Með verkum handanna.

Valgerður Magnúsdóttir sér um Orð til umhugsunar

7. fundur, Vorfundur / Aðalfundur; haldinn 2. maí á Bryggjan Brugghús, 13 konur mættar.

Aðal efni: Venjuleg aðalfundarstörf; skýrsla stjórnar, ársreikningur, kosning formanns, kosning stjórnar, ákvörðun félagsgjalds, kvöldverður. Orð til umhugsunar í höndum Bjargar Jónu Birgisdóttur.

Starfsárið 2024-2025

Starfsáætlun þessa árs gerði ráð fyrir 7 fundum auk þess sem afmælisþing samtakanna var inni í starfsáætlun og konur voru sérstaklega hvattar til að sækja það.

Haustfundur; haldinn 26. september, í heimahúsi að Þrastarhöfða 24, 15 konur mættar.

Aðal efni; kynning á starfsáætlun vetrarins, nefndir vetrarins kynntar og ræddar og upplýsingar frá fundi framkvæmdaráðs.

Orð til umhugsunar voru örstutt innlegg frá Kappa-konum;

„Fyrir hverju brenn ég í vetur? „Hvað ætla ég að gera til að næra andann?“

2. fundur starfsársins; haldinn mánudaginn 4. nóvember á veitingastaðnum Potturinn og Pannan. 18 konur mættar.

Aðal efni: Fríða B. Jónsdóttir í Gamma-deild og sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu sagði okkur frá verkefninu MEMM sem fjallar um jöfn tækifæri barna af erlendum uppruna.

Orð til umhugsunar í höndum Marsibilar Ólafsdóttir

3. fundur, Jólafundur; haldinn miðvikudaginn 4. desember í heimahúsi, að Fjölnisvegi 15, 24 konur mættar.

Aðal efni; Elísabet Jökulsdóttir las fyrir okkur úr bókinni sinni „Límonaði frá Díafaní“

Svanhildur Svavarsdóttir var með orð til umhugsunar, húsráðandi sagði okkur sögu hússins.

4. fundur, bókafundur; haldinn 20. janúar í heimahúsi að Markarflöt 41, 21 kona mætt.

Kynning Kappakvenna á þremur spennandi bókum, spjall og notaleg stund.

5. fundur starfsársins; haldinn þriðjudaginn 18. febrúar í Fræðslusetrinu Starfsmennt, 21 kona mætt

Aðal efni: Anna María Þorkelsdóttir kennsluráðgjafi kynnir starfsemi Ásgarðsskóla - Skóla í skýjunum. Ingibjörg S. Guðmundsdóttir var með orð til umhugsunar.

6. fundur, sameiginlegur með Gammadeild; haldinn 26. mars í Hljóðbergi, sal Hannesarholts, 16 konur mættar.

Aðal efni: Arna Hauksdóttir, prófessor við læknadeild HÍ kynnir

vísindarannsókn Háskóla Íslands um Áfallasögu kvenna og Steinunn Birna Ragnarsdóttir, alþjóðlegur ráðgjafi og fyrrverandi Óperu- og tónlistarstjóri Hörpu, fjallar um skapandi leiðir til velferðar.

7. fundur, Vorferð í Dalina; haldinn 23.-24. apríl, 13 konur mættar.

Aðal efni: Kvöldvaka og gisting á Dalahótteli að Laugum í Sælingsdal 23. apríl, dagsferð um

Laxdæluslóðir með leiðsögn Ingibjargar S. Guðmundsdóttur Kappakonu 24. apríl.

29 konur voru skráðar í Kappadeild við upphaf starfsársins 2023 en Anna Sigríður Einarsdóttir og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir hafa sagt sig úr deildinni og ekki hafa verið teknar inn nýjar konur síðan 2022. Í dag eru því Kappakonur 27. Við höfum samþykkt að fjölga í hópnum og munum gefa kost á ábendingum þegar fundir hefjast á komandi hausti. Starfið er í góðum farvegi og mikil og góð tengsl í hópnum.

Lambdadeild

Skýrsla formanns fyrir aðalfund 2025

Í Lambdadeild eru skráðar 24 konur og hefur sá fjöldi verið óbreyttur sl. tvö starfsár.

Síðast voru teknar inn fimm nýjar konur í deildina 8. mars 2023 og engar hafa sagt sig úr deildinni þessi tvö undanfarin starfsár.

Starfsárið 2023-2024 voru haldnir 7 fundir og frá hausti 2024 hafa fundir verið 5 og tveir til viðbótar verða haldnir í vor.

Starfsárið 2023 til 2024

Fyrsti fundur var haldinn í september á Menntavísindasviði HÍ. Þar var hugarflug um efnistöð, fundardaga og tímasetningu. Ákveðið var að hafa sjö fundi yfir veturinn sem röðuðust á mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga, fundir byrjuðu almennt klukkan fimm og stóðu í einn og hálfan tíma. Þá var einnig rætt um að fjölga konum í deildinni, huga að fjölbreytileikanum og konur hvattar til að taka með sér gesti á fundi.

Annar fundur var haldinn í Menntaskólanum í Borgarnesi með systur í DELTA deild þar sem námsverið KVIKA var skoðað og Heiðrún Bjarnadóttir prestur Borgnesinga var með innlegg. Í kjölfarið snæddu konur saman í Menntaskólanum.

Í desember áttum við góða samveru á jólafundi hjá Sigurborgu Kristjánsdóttur þar sem Nanna Rögnvaldsdóttir sagði frá og las úr bók sinni VALSKAN.

Fjórði fundur var haldinn í byrjun nýs árs 2024 í Melaskóla. Þar sagði Björg Melsted frá mastersrannsókn sinni sem fjallar um starfstengda leiðsögn og hlutverk leiðsagnarkennara í grunnskólum.

Í lok febrúar bauð Jóhann Guðrún Ólafsdóttir félagskonum til sín í Kópavogsskóla þar sem Guðný Sigurjónsdóttir skólastjóri sýndi okkur skólann og Jóhanna sagði frá Þróunarverkefni um rafrænar námsbækur.

Sjötti fundur starfsársins var haldinn með Epsylonsystur í Þorlákshafnarkirkju þar sem Alma Dís Kristjánsdóttir kynnti doktorsverkefni sitt um greiningu á faglegri nálgun í íslensku safnfræðslustarfi. Að loknum fundi snæddu systur saman kvöldverð.

Sjöundi fundur er aðalfundur sem haldinn er í leikskólanum Hlíðarberg í Hafnarfirði. Á dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf þar sem ný stjórn er kosin. Björg Melsted og Ólafía Guðmundsdóttir halda áfram í stjórn en Iðunn Antonsdóttir, Sigurborg K Kristjánsdóttir og Steingerður Kristjánsdóttir hafa lokið stjórnarsetu. Alla Dóra Smith, Jóhanna G. Ólafsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir koma nýjar inn í stjórnina.

Starfsárið 2024 til 2025

Ný stjórn tók við á aðalfundi vorið 2024. Í henni eru Björg Melsted, Sigríður Ólafsdóttir, Jóhanna G. Ólafsdóttir, Alla Dóra Smith og Ólafía Guðmundsdóttir. Stjórnin skiptir með sér verkum þannig: Björg tekur að sér formennsku, Sigríður varaformaður, Jóhanna gjaldkeri, Alla Dóra Smith ritari og Ólafía meðstjórnandi.

Fyrsti fundur starfsársins var haldinn 23.september í Melaskóla. Ný stjórn kynnti sig og lagði til að þema vetrarins yrði: Þróun og breytingar á kennarastarfinu. Rætt var um tillögur að fundarefnum í vetur. Greint var frá afmælisriti DKG sem verður gefið út í tilefni 50 ára afmælis landssambandsins. Gerður Magnúsdóttir var með orð til umhugsunar.

Annar fundur var haldinn 30.október hjá MML; miðju máls og læsis í Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem er til húsa að Víkurhvarfi 3 í Kópavogi. Þar fengu félagskonur kynningu á starfsemi MML sem þá var nýflutt í Víkurhvarfið.

Þriðji fundur var jólafundur, haldinn 27.nóvember hjá formanni Björgu Melsted. Maó Alheimsdóttur rithöfundur las upp úr bók sinni Veðurfregnir og jarðarfarir sem Maó gaf sjálf út. Maó er fædd í Póllandi árið 1983 þar sem hún ólst upp. Hún stundaði nám í norrænum fræðum við Sorbonne-háskóla í París en lauk síðan BA prófi í íslensku sem annað mál með almenna bókmenntafræði sem aukagrein við HÍ. Iðunn Antonsdóttir var með orð til umhugsunar og ræddi vináttuna. Níu konur voru mættar

Fjórði fundur starfsársins var haldinn 10.febrúar 2025. Efni fundar var bókakynning. Fundarkonur sögðu frá bókum sem þær höfðu lesið nýlega og kenndi þar ýmissa grasa. Ingibjörg Ásgeirsdóttir var með orð til umhugsunar og sagði frá bók sem hún hefur miklar mætur á og heitir Andardráttur eftir James Nestor. 10 félagskonur voru mættar á fundinn auk Hildar Patursson leikskólakennara frá Færeyjum sem var gestur fundarins.

Fimmti fundur var 18.mars 2025 á bókasafni í Melaskóla. Þar sagði María Gísladóttir frá starfsemi safnsins og hvernig safnkennarar eru þáttakendur í föstum verkefnum árganga. María sagði einnig frá tilraunaverkefni sem ber nafnið Lestrarvinir, þar sem hópur eldri borgara kemur einu sinni í viku á safnið og les með nemendum.

Orð til umhugsunar flutti Björg Melsted og fjallaði um ömmu og afa hlutverkið, hvernig það hefur breyst í gegnum tíðina en er í grunninn ómetanlegt samband kynslóðanna. Á fundinum voru 12 félagskonur.

Á áætlun eru tveir fundir vorið 2025:

- Miðvikudag 30.apríl verður farið á sýninguna um Vigdís Finnbogadóttur í Loftskýtastöðinni.
- Fimmtudag 22.maí verður farið í stutta göngu með leiðsögn og kvöldverð á eftir.

Mýdeild

Starfsárið 2023 – 2024 (sept -maí)

Í Mýdeildinni starfa núna 27 konur. Aðeins ein kona hefur hætt síðan vorið 2023, en hún hafði starfað frá upphafi Mýdeildar. Ástæðan var að hún var komin með mörg verkefni og fundi sem tengdust hennar vinnu. Þrjár nýjar konur hafa gengið í Mýdeildina síðan haust 2023. Stjórnin sér um að skipta konum í litla hópa til að undirbúa fundina. Hlutverk þeirra er að sjá um léttan mat, fara með orð til umhugsunar og finna fyrirlesara. Stjórnin tekur að sér að undirbúa jólafundina og oftast vorfundina. Formaður er alltaf í sambandi við nefndirnar og sér um tilkynningar á fundunum og ýmislegt annað t.d inntöku nýrra félaga (með stjórninni), skipuleggja aðalfund o.fl.

Fundafyrirkomulag er oftast fastmótað og eru fundirnar frá kl.18-20. Þema þessa starfsárs var fjölmenning.

Hefðbundin dagskrá:

- Kveikjum á kertum
- Tilkynningar og annað frá formanni
- Orð til umhugsunar(félagskonur sjá um)
- Matur
- Fyrirlestur/kynningar
- Kaffi og spjall

Stundum breytum við fyrirkomulaginu, t.d á jólafundunum og þá erum við oftast með Beta deildinni. Einnig höfum við vorfundina veglega, fáum t.d tónlistaratriði eða annað og þá er líka farið í aðalfundarstörf. Fyrsti fundur á nýju ári er alltaf farið í bókaleik, sem gefur mikla hamingju. Skemmtileg hefð. Einnig er ýmislegt sem formaður og stjórn taka að sér, rifja upp markmið DKG, fara í styrkjamálin, minna á ýmislegt sem er á vefsíðunni og facebook o.fl. Inntaka nýrra félaga o.fl

Fundir Mýdeildar árið 2023-2024

1. fundur, sept 2023

21 mættar á fundinn. Orð til umhugsunar voru um eitraða jákvæðni, en ofuráhersla á jákvæðni getur leitt af sér afneitun. Við verðum að takast á við allar tilfinningar en auðvitað gott að vera jákvæður þegar þannig stendur á. Fyrirlestur kvöldsins var frá Starfsemi aflsins á Norðurlandi.

2. fundur , 25.okt 2023

12 konur mættar á fundinn. Orð til umhugsunar var um fegurð, fegurðin kemur innan frá en ekki bara útlit, Fegurð getur verið upplifun. Hún hefur aðdráttarafl og við finnum þörf til að staldra við. Erindi kvöldsins var frá verkefnastjóra erlendra nemenda í VMA. Hún sagði frá starfi sínu og markmiðum.

3. Fundur jólafundur nóvember

14 konur mættar á þennan jólafund. Orð til umhugsunar var um jólin og jólaminningar. Erindi kvöldsins flutti flóttakona frá Sýrlandi, en hún sagði okkur frá upplifun sinni að koma til Íslands sem flóttakona.

Einnig sungum við saman nokkur jólalög og borðuðum góðan jólamat hjá Hrefnu að Ásum í Eyjarfirði.

4. fundur jan 2024

17 konur mættar. Orð til umhugsunar var um tónlist og flutti ein félagskona tónverk á selló. Eftir flutninginn voru umræður um túlkun o.fl. Ein félagskona sagði frá upplifun sinni af því að í grunnskólanum sem hún vinnur í er boðið upp á gongslökun einu sinni í viku fyrir starfsfólk. Að lokum var komið að árlegum bókaleik.

5. fundur feb 2024

17 konur mættar á fundinn. Orð til umhugsunar voru um Jakobínu Sigurðardóttir sem var merk kona og mikilsvirtur höfundur og farið var í gegnum ljóð sem hún orti og var sæmd hinni íslensku fálkaorðu þegar hún var fimmtug. Textinn er áhugaverður og kennir manni að njóta lífsins í dagsins önn og muna að við erum alltaf að gera okkar besta. Erindi kvöldsins flutti flóttakona frá Úkraínu sem hefur búið á Dalvík, núna í tæp 4 ár. Hún sagði okkur frá lífi sínu sem flóttakona.

6. fundur, apríl 2024

20 konur mættar á fundinn. Orð til umhugsunar voru töluð út frá bókinni Hálfgul sól sem kom út árið 2006. Höfundur bókarrinnar Chimamanda Ngozi á ættir að rekja til Biafra sem varð sjálfstætt ríki frá Nígíeríu árið 1967. Sagan hverfist um lífið á þessu landsvæði á meðan stríð geisar þar og fólk var svelt til luppjafar.

Erindi kvöldsins sem ein félagskona Mýdeildar fjallaði um var um TED, eða um eina sögu og sjónarhorn menningarnæmi eins og fyrirlesarinn vildi kalla það. Með fordómum og þröngsýni verður fólk að því sem við trúum, verðum að steríótýpum. Allir þurfa að átta sig á því valdi sem hver og einn hefur. Það er aldrei nein ein saga.

7. fundur maí. Á þessum vörfundum voru 21 mættar. Orð til umhugsunar var um konur og innflytjendur. Erindi kvöldsins sá Myrian Dalstein frá Skeiði í Svarfaðardal en hún sér um ferðaþjónustu þar. Hún sagði okkur frá starfinu sem ferðaþjónustubóndi en einnig um líf sitt og hvernig það var að flytja til Íslands.

Á þessum fundi fóru fram stjórðaskipti en að því loknu fengum við kvennakórinn Sölku til að syngja fyrir okkur nokkur lög.

Dagskráin var löng en skemmtileg og ákvörðun var tekin um að fara í aðalfundarstörf á fyrsta fundi haustsins.

1. **fundur sept 2024.** 15 konur mættar. Magnea Formaður deildarinnar bauð félagskonum heim til sín á fund og stjórnin sá um dagskrána og mat. Orð til umhugsunar var um stríð í heiminum og konur sem vinna við hjálparstörf þar. Við vorum ekki með fyrirlesara á þessum fundi, en fórum í hópastarf til að ræða hugmyndir fyrir veturinn, en þema þetta starfsárið var heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Hugmynd kom frá einni félagskonu að fara saman til Hríseyjar í þeim tilgangi að breiða út kærleik, hlýju og frið. Þrjár félagskonur tóku að sér að undirbúa þennan atburð.

Dagskráin í Hrísey. Þetta var dásamlegur dagur ☺

Með hugmynd forseta okkar Höllu Tómasdóttur um riddara kærleikans í huga og ástandsins í heiminum kom upp sú hugmynd á fyrsta fundi Mý-deildar sl haust að búa til viðburð sem væri okkar útgáfa af friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Ákveðið var að fela hugmyndasmiðnum Ásdísi Arnardóttur ásamt þremur öðrum konum í deildinni að útfæra hugmyndina nánar. Náttúruperlan Hrísey kom strax upp í hugann enda mikil náttúruperla og eiga þar saman friðarstund til að breiða út hlýju og kærleika og viðeigandi að tengja dagsetninguna við alþjóðadag kennara. Sunnudaginn 6. október fór viðburðurinn fram í Hrísey og bar hann yfirheitið *Friður til framtíðar*. Samverustundin var utandyra í dásamlegu veðri, falleg og kærleiksrík. Eftir góðan göngutúr í falgri náttúru með frið og þakklæti í huga fór Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir með afar falleg orð til umhugsunar um kærleikann. Að því loknu söng Margrét Árnadóttir Á vegi eftir Daníel Þorsteinsson við texta Hjörleifs Hjartarsonar sem bræddi hjórtu viðstaddra. Því næst sameinuðust viðstaddir, um 45 manns, í bæn um frið á jörð og sendu straua sína út í kosmósið. Að endingu söng hópurinn saman lagið Ein bisschen Frieden við íslenskan texta Jónbjargar Sesselju Eyjólfsdóttur sem heitir Ákall. Hrísey býr yfir orkurikum töfrum og voru þátttakendur sannfærðir um að tekist hafi að mynda friðarsúlu úr þeirri orku sem bæði fólkið og staðurinn gaf frá sér.

2. **fundur okt 2024.** 16 félagskonur voru mættar á fundinn. Orð til umhugsunar voru um sjálfa félagskonuna sem flutti okkur orð til umhugsunar, þar sem hún veltir lífshlaupi sínu upp, á þeim tímamótum sem hún er á núna, en hún ætlar að hætta að kenna næsta vor eftir 37 ár. Lífið hefur farið nokkuð góðum höndum um hana. Erindi kvöldsins var kynning á Réttindaskóla og -frístund Unicef.
3. **fundur nóvember sameiginlegur jólafundur Mý-og Beta deildar.** Orð til umhugsunar: Falleg og ljúf jólasaga. Erindi kvöldsins flutti Árný forseti Landssambandsins. Hún sagði aðeins frá því þegar hún kom fyrst til Akureyrar en ræddi síðan um komandi afmælishátíð DKG, en á næsta ári eru 50 ár liðin frá því að fyrsta deild DKG á Íslandi var stofnuð. Hátíðarráðstefna verður dagana 10-11 maí 2025 í Salnum í Kópavogi. Á laugardeginum verður ráðstefna en á sunnudeginum verður aðalfundur. Árný hvetur alla að mæta á þessa ráðstefnu. Einnig minnti Árný fundargesti á Evrópuráðstefnu DKG sem verður haldin í Brighton 18-20 júlí. Að erindi hennar loknu sungum við saman nokkur jólalög og Formaður Mýdeildar, Magnea fór með nokkur orð um aðventuna, og hvatti félagskonur um að njóta en ekki þjóta á aðventunni. Einnig var sagan Hlutaveikin eftir Þórarinn Eldjárn lesin og að lokum söng kvennakórinn Salka

fyrir okkur hugljúf jólalög.

4. **fundur jan 2025.** 20 félagskonur mættar. Orð til umhugsunar fór fram í fallegu tónverki og umræður og túlkun á eftir. Árlegur bókaleikur fór fram á þessum fundi, og því enginn fyrirlesari.
5. **fundur feb.2025.** 14 félagskonur mættar. Orð til umhugsunar: Hugvekja/hugleiðsla- umræður á eftir. Erindi kvöldsins var kynning frá Efnasúpunni en þar flutti Sunneva Halldórsdóttir áhrifaríkan fyrirlestur um eiturefni í nærumhverfi okkar.
6. **fundur er síðan á dagskrá 8.apríl.** Þá förum við í hópaumræður um starfið okkar, förum í aðalfundastörf, hópeflisleik og orð til umhugsunar.

Við stefnum að því að fara í haustferð saman, taka bíltúr um sennilega Svarfaðardal eða Hjalteyri og sjá og kynnast ýmsu sem þar frem fram.

Nýdeild

Skýrsla formanns Nýdeildar

Í Nýdeild starfa nú 17 konur og þar af eru 15 virkar í starfinu um þessar mundir. Aðeins hefur fækkað í hópnum s.l. tvö starfsár. Ein fluttist milli deilda vegna búferlaflutninga, ein hætti í samtökunum eftir búferlaflutninga og ein hætti í samtökunum vegna heilsubrests. Að auki hafa tvær systur verið óvirkar í starfinu, önnur bæði árin vegna náms og svo búferlaflutninga af svæðinu og hin vegna þess að hún hefur lítið verið á svæðinu vegna heilsubrests á líðandi starfsári. Nýjar konur hafa ekki verið teknar í deildina s.l. tvö starfsár.

Frá hausti 2023 og fram á vor 2025 hafa verið haldnir níu fundir í Nýdeild og er sá tíundi skipulagður þann 7. apríl n.k. Á fyrsta fundinn á tímabilinu mættu tólf systur, á annan fundinn mættu tíu systur, á þriðja fundinn mættu tíu systur auk gestafyrirlesara, á fjórða fundinn mættu sjö systur auk tveggja gesta og gestafyrirlesara, á fimmta fundinn mættu sjö systur, á sjötta fundinn sem haldinn var rafrænt mættu sjö systur, á sjöunda fundinn mættu tíu systur, á áttunda fundinn mættu níu systur og á þann níunda mættu sjö systur. Átta systur hafa boðað komu sína þann 7. apríl n.k.

2023 - 2024

Þriðjudaginn 3. október 2023 var fyrsti fundur tímabilsins haldinn á Skagaströnd. Deildin hittist á leikskólanum en þar er Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, systir í Ný-deild, leikskólastjóri. Á fundinum fengum við kynningu á starfseminni auk þess sem línur voru lagðar fyrir vetrarstarfið. Annar fundur starfsársins var haldinn 1. nóvember í safnaðarheimili Blönduóskirkju. Þar stóð til að sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir tæki á móti okkur en vegna óvæntrar uppákomu gat hún eingöngu hitt okkur gegnum fjarfund. Hún flutti okkur magnað erindi um lífsögu sína sem skildi okkur allar eftir hugsí. Fjórða desember var svo haldinn jólafundur í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, þangað komu góðir gestir og veisluborðið svignaði undan jólalegum kræsingum. Berglind Þorsteinsdóttir, safnastjóri í Skagafirði, kom og kynnti fyrir okkur barnabókina *Vetrardagur í Glaumbæ*, boðið var upp á tónlistaratriði frá nemendum Fjölbrautaskólans auk þess sem jólasveinar mættu á svæðið. Fundurinn heppnaðist afar vel og áttu Nýdeildarsystur saman gefandi og góða jólastund á aðventu.

Þá er komið fram á árið 2024 en það byrjaði með því að boðað var til rafræns bókafundar þann 24. janúar. Vegna lítillar þátttöku var fundinum aflýst en eingöngu tvær systur sáu sér fært að mæta. Að vissu leyti má segja að hér sé upphafið að þeim vandræðum sem deildin hefur fundið sig í undanfarið. Á sjálfan Sprengidaginn, 13. febrúar, var haldinn fundur í Varmahlíðarskóla. Fundurinn var fámennur en um leið góðmennur. Tveimur konum var boðið til að kynna þeim samtökin auk þess sem við fengum góðan gest á fundinn, Ástu Benediktsdóttur markþjálfu. Ásta fræddi okkur um markþjálfun og virkni hennar sem og hvernig hún hefur notast við dáleiðslu samhliða markþjálfuninni. Í lok fundar tók Ásta okkur í slökunaræfingu. Því næst var boðað til aðalfundar þann 6. mars sem halda átti á Hvammstanga. Þegar sá fram á að fáir aðrir yrðu á fundi en sitjandi stjórn var ákveðið að fresta aðalfundi til 9. apríl. Mæting var sömuleiðis dræm á þann fund svo aðalfundastörfum var enn frestað en fundur haldinn í Grunnskólanum á Hvammstanga. Þar var eðli málsins samkvæmt rætt um stöðuna sem upp var komin í deildinni en ekki var aðeins erfitt að fá systur til að mæta á aðalfund heldur hafði engin lýst sig tilbúna til setu í nýrri stjórn. Á fundinum leiddi Pálína Fanney Skúladóttir, jógakennari, okkur í gongslökun. Enn var reynt að boða til aðalfundar og nú sem hluta af árlegum óvissufundi Nýdeildarsystra, en vegna dræmrar þátttöku var ekki hægt að halda óvissufund og

honum því aflýst. Úr varð að aðalfundur var haldinn rafrænt þann 6. júní. Sitjandi ritari og meðstjórnandi sáu sér ekki fært að sitja áfram. Niðurstaða aðalfundar var því sú að sitjandi formaður sat áfram, gjaldkeri tók að sér að vera meðstjórnandi og með herkjum fengust þær tvær sem mættu á fund utan stjórnar að taka að sér stjórnarsetu fyrir tímabilið 2024-26.

2024 - 2025

Starfsárið 2024-25 hefur svo æxlast með svipuðum hætti og vorið 2024 boðaði. Boðað var til fyrsta fundar mánudaginn 23. september á heimili formanns og stefndi í metmætingu. Eitthvað helltist úr lestinni og voru því engin met slegin þetta kvöld. Fundurinn lofaði þó góðu, stemming í hópnum var með eindæmum góð og systur virtust peppaðar fyrir starfsárinu. Þann 23. október var svo haldinn annar fundur starfsársins, að þessu sinni á Blönduósi. Systur hittust á veitingastaðnum Teni og héldu svo í vísindaferð á *Textílmíðstöð Íslands* þar sem Elsa Arnardóttir, forstöðukona tók á móti okkur. Þar fengum við góðar móttökur og fræddumst mikið. Þessir fyrstu fundir gáfu góð fyrirheit en því miður datt botninn úr starfinu þegar leið að aðventu. Engin systir sá sér fært að mæta á jólafund á Akureyri með systur okkar úr Beta- og Mýdeildum. Litlu minni áhugi var jólafundi Nýdeildar í desember svo úr varð að honum var aflýst þegar ljóst var að þrjár systur myndu mæta. Þetta starfsárið varð heldur ekkert úr bóka fundi sem átti að halda á Blönduósi í janúarmánuði og aftur var það dræm þátttaka félagskvenna sem leiddi til að honum var aflýst. Þá var komið fram í febrúar og boðað til fundar þar sem ræða átti inntöku nýrra félaga, stinga upp á konum og ákveða hvernig best væri að haga kynningu á samtökunum. Eftir að ljóst var að formaður yrði ein á fundinum var honum aflýst. Með herkjum tókst að halda fund þann 12. mars s.l. Á þeim fundi var staðan í deildinni rædd og sammældust fundarsystur um að ekki væri tímabært að huga að fjölgun eins og staðan væri, enda engin sem vill bjóða í félagsskap sem nær ekki að halda fundi, og æskilegra væri að taka vorið og haustið í að reyna að þetta raðirnar sem fyrir eru. Þann 7. apríl verður svo árlegur óvissufundur Nýdeildar, og um leið seinasti fundur starfsársins, og ef engin forfallast á lokametrinum sjáum við fram á að funda átta saman í þetta skiptið.